



Bls. 20

Ekki dans á rósum

Bls. 12



Nýir tímar í ruslinu

Bls. 24



Umhverfisvænu börnin

Bls. 27



Ertu að missa af lestinni

Nýjung frá
Maizena



Í staðinn
fyrir
rjóma

Cremefine

– freistingin sem óhætt er að falla fyrir!

Cremefine Fraishe er þéttur og ferskur á bragðið. Hentar vel í heita og kalda rétti og allar sósar.



Bæði í
heita og
kalda rétti



Cremefine til matreiðslu er góður í heita rétti, súpur og sósar og skilur sig ekki við suðu.



Skilur sig
ekki við
suðu



Cremefine til þeytingar er ferskur og rjómakenndur en með helmingi minni fitu en rjómi.



Helst
stífpeyttur
lengur





Útgefandi:

Efling-stéttarfélag
Sæturni 1

Ábyrgðarmaður

Sigurður Bessason

Ritstjóri

Þráinn Hallgrímsson

Blaðamaður

Róbert Ágústsson

Ritstjórn

Garðar Vilhjálmsson
Guðmundur Þ. Jónsson
Sigurður Bessason
Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Starfsmenn á skrifstofu

Ágúst Þorláksson
Elva Tryggvadóttir
Fjola Jónsdóttir
Garðar Vilhjálmsson
Guðmundur Þ. Jónsson
Guðrún Kr. Ólafsdóttir
Harpa Ólafsdóttir
Hjálmfríður Þórðardóttir
Hjördis Baldursdóttir
Hjördis Þorsteinsdóttir
Hulda Hafsteinsdóttir
Ingunn Þorsteinsdóttir
Kristjana Valgeirsdóttir
Margrét Davíðsdóttir
Oddný Einarsdóttir
Sigríður Ólafsdóttir
Sigurður Bessason
Sigurlaug Gröndal
Sveinn Ingvason
Tryggvi Marteinsson
Þórdís Andrésdóttir
Þórir Guðjónsson
Þórunn Sveinbjörnsdóttir
Þráinn Hallgrímsson

Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta

Björk Stefánsdóttir
Elín Baldursdóttir
Elín Hanna Kjartansdóttir
Hallsteinn Friðbjósson

Starfsafl

Maríanna Traustadóttir
Jóna Vigdís Kristinsdóttir

Útlit og umbrot

Einn, tveir og þrír,
auglýsingastofa

Prentun og bókband

Oddi hf.

Auglýsingar

Hænis sf

Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu

Róbert Ágústsson

Á forsiðu

Guðmundur Úlfar Jónsson
í Ölgarönni

Aðsetur

Efling-stéttarfélag, Sæturni 1
sími 510 7500/fax 510 7501

Úthlutunarnefnd

Útborgun atvinnuleysisbóta er annan hvern
fimmtudag. Atvinnuleysisbætur eru greidd-
ar inn á bankareikning viðkomandi.
Sími úthlutunarnefndar er 510 7510
myndsendar: 510 7511

Sigurður Bessason

Bíðum eftir aðgerðum

Nú þegar síðasta orrahríðin vegna málefna olúfélaganna er að baki er ástæða til að staldra við og líta til baka og skoða hvað er framundan. Fjallað hefur verið ítarlega um samráð olúfélaganna og alvarleg áhrif brota forstjóranna gegn hagsmunum almennings. Það gleymist því miður oft í hörðum slag sem þessum að það eru almennir starfsmenn í öllum fyrirtækjum. Oftar en ekki sitja þessir starfsmenn undir reiði almennings

þegar þeir sem raunverulega ábyrgð bera virðast nánast ósnertanlegir. Það hlýtur að vera mikilvægt að hlífa því fólki sem hefur það eitt til sakar unnið að vera í starfi þar sem forstjórar gerast lögbryjar.

Algjör trúnaðarrestur er á milli olúfélaganna og almennings. Sú krafa stendur upp á olúfélögin að skila því til baka sem tekið hefur verið með ólöglegum hætti. Það er nú hlutverk olúfélaganna ef þau meina eitthvað með því að þau vilji ávinna sér traust almennings að þau skýri hvernig þau hyggjast bæta neytendum tjónið og taki síðan upp raunverulega samkeppni um verð á eldsneyti.

Umræðan í fjölmiðlum hefur að undanfögnu endurspeglast í orðunum „þetta vissum við alltaf.“ Fram hefur komið að forstjórar félaganna neituðu því staðfastlega í fjölmiðlum árum saman að um verðsamráð félaganna væri að ræða. Annað er nú komið á daginn. Hér er mikilvægt að staldra við og spyrja. Hvað um önnur mikilvæg svið viðskipta gagnvart neytendum? Hver man ekki eftir grænmetis málinu og samtölum í Öskjuhlíðinni? Ennþá er verð á matvælum með því hæsta sem gerist hér á landi þrátt fyrir ótal kannanir. Ennþá er verð á tryggingum hér þannig að margir spyrja hvað sé þar í gangi gagnvart neytendum.

Ljóst er að með Samkeppnisstofnun er komið verkfæri til að taka á fyrirtækjum ef grunur vaknar um óeðlilegt verðsamráð eða ólöglega viðskiptahætti. Þar er í dag þekking og lagalegar heimildir til að vinna hratt í málum af þessu tagi. En til þess skortir fé. Það er dapurlegt þessa dagana fyrir stjórnvöld að á sama tíma og þeir hafa bitist um fjármagn til stofnunarinnar, hafa alvarleg brot gegn almenningi verið á hraðleið til fyrningar. Ábyrgð stjórnvalda í þessu máli er ekki síst ámælisverð.

Krafa almennings er skýr. Viðskiptasiðferði af þessum toga á ekki heima í íslensku samfélagi á 21. öld. Olúfélögin verða að axla ábyrgð af gerðum forstjóranna. Almenningur bíður aðgerða þeirra. Stjórnvöld verða að stórefla Samkeppnisstofnun til að koma í veg fyrir að atburðir af þessu tagi endurtaki sig. Hinn almenni launamaður bíður eftir aðgerðum.

Sigurður Bessason
formaður Efling-stéttarfélags

EFNISYFIRLIT

Almennt góður tónn	4	Umhverfisvænn leikskóli	24
Niðurstöður starfsmats	6	Orkuveitan í Finnlandi	26
Aðgerðir gegn verðbólgu	8	Ertu að missa af lestinni	27
Sívinsæl	10	Ungt fólk og atvinnuleysi	28
Spara og vernda	12	Norðurljós og notalegheit	29
Spennandi nám	14	Hvað er aldursgreining	30
Það geta allir lært á tölvu	17	Yngri í orlofshúsin	33
Borgin í góðum málum	18	Malt og appelsín	34
Ekki dans á rósum	20	Samstaða	40
Ánægð	22		

Starfsmatið kynnt

Almennt góður tónn

- segir Ragnar Ólason



Ragnar Ólason kynnis Starfsmatið

Nú í október lágu niðurstöður starfsmats hjá Reykjavíkurborg fyrir. Þá var hægt að hefjast handa við að tengja það við laun og í framhaldinu fóru fram launaleiðréttingar á grundvelli starfsmatsins með því fé sem til ráðstöfunar var. Ragnar Ólason sem fylgst hefur með vinnunni við starfsmatið frá upphafi, segir að mikilvægt sé að kynna niðurstöður matsins vel fyrir borgarstarfsmönnum bæði á fundum og með viðtölum við einstaklinga.

Um 50 störf innan Eflingar voru metin og eru 42 af þeim að hækka í niðurstöðunum. Ljóst er að mörg störf hafa verið verulega vanmetin miðað við ábyrgð og umfang starfs. Í kjölfar þessara niðurstöðna verður starfsmatið skoðað og niðurstöður nýttar við gerð kjarasamninga á næsta ári, segir Ragnar.

Mjög mikil vinna er að baki og öllum er ljóst að gífurleg þekking á störfum fé-

lagsmanna Eflingar hjá Reykjavíkurborg hefur myndast við að skoða störfin svona ítarlega. Fulltrúi Eflingar-stéttarfélags í starfsmatsnefndinni hefur verið Ragnar Ólason, aðaltrúnaðar Eflingar-stéttarfélags hjá Reykjavíkurborg. Hann hefur undanfarna mánuði unnið að starfsmatinu og hefur það komið sér vel hve staðgóða þekkingu hann hefur aflað sér fyrir félagsmenn Eflingar.

Hægt er að áfrýja starfsmatinu og eru leiðbeiningar um þá leið að finna á netinu



Ragnar segir líka athyglisvert að ýmsir sem voru vantrúaðir á að starfsmatið skilaði ávinningi, sjái nú svart á hvítu að þessi vinna er að skila mörgum starfs-

mönnum borgarinnar launauka. En það má ekki gefa fólki væntingar um að allir fái launahækkanir. Svo er ekki, segir Ragnar og leggur mikla áherslu á að vanda vinnuna við kynninguna sem staðið hefur að undanförmu. Við höfum hitt á fundum nokkur hundruð borgarstarfsmenn og almennt er tónninn góður hjá fólkinu, þó að vitanlega séu ekki allir ánægðir eins og gefur að skilja, segir hann.

Nú á næstu vikum gefst fólki kostur á að kynna sér niðurstöðurnar enn frekar og eru ítarlegri upplýsingar á vef Reykjavíkurborgar og Eflingar-stéttarfélags. Einnig mun verða hægt að leita til Eflingar-stéttarfélags, kjaraþróunardeildar Reykjavíkurborgar og starfsmannastjóra.

Hægt er að áfrýja starfsmatinu og eru leiðbeiningar um þá leið að finna á neti sömu aðila.

Slóðin á netinu er www.efling.is og www.rvk.is

ostabúð

Niðurstöður **starfsmats** Reykjavíkurborgar

Pann 1. nóvember síðast liðinn áttu sér stað launaleiðréttingar hjá Reykjavíkurborg í kjölfar innleiðingar á nýju starfsmatskerfi hjá Reykjavíkurborg.

Starfsmatið tekur til alls 4500 starfsmanna Reykjavíkurborgar sem eru félagsmenn Eflingar-stéttarfélags, Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og í Kjarafélagi Tæknifræðingafélags Íslands.

Langtímamarkmið með nýju starfsmati er að greiða sömu starfslaun fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf. Til þess að ná þessu markmiði ákváðu samningsaðilar að innleiða eitt samræmt starfsmatskerfi, hafa eina launatöflu og leiðrétta launamun í áföngum með svokölluðum launapottum. 42 starfshæiti af 50 fá nú launaleiðréttingu hjá Eflingu. Nánari upplýsingar um starfsmatið er að finna á vef Eflingar.

Kjarasamningur hjá launanefnd sveitarfélaga er laus 30. apríl 2005.



Frá fundi þar sem starfsmatið var kynnt

Skrifstofa Eflingar

Kjarasamningar liggja frammi




Eftir gerð kjarasamninga á síðustu mánuðum hafa samningar farið í útgáfu og eru nú allir helstu kjarasamningar komnir út á prenti. Meðal þeirra eru kjarasamningar Flóabandalagsins, samningur Eflingar og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur við hótél og veitingahús, aðalkjarasamningur Eflingar-stéttarfélags við ríkið, kjarasamningur Eflingar, Hlífar og Boðans við hjúkrunarheimili og sjálfseignarstofnanir og fleiri samningar.

Allir þessir kjarasamningar og fleiri liggja frammi á skrifstofu Eflingar. Aðalkjarasamningarnir hafa verið sendir út

til félagsmanna en mikilvægt er að hvetja félagsmenn, sem ekki hafa fengið samninga og þurfa á þeim að halda, að koma á skrifstofuna til að fá sér einstak eða biðja um að samningar séu sendir til þeirra.

Desember upp- bót árið 2004:

Almennir markaðurinn	38.500 krónur
Ríki	38.500 krónur
Reykjavíkurborg	38.000 krónur
Kópavogur og Seltj.nes	...54.671 krónur



Það skal enn og aftur ítrekað að starfsmaður sem er rekinn úr starfi eða sagt upp að hann geri þegar í stað kröfu um að fá afhent uppsagnarbréf.

Þeir starfsmenn sem er sagt upp eiga að hafa samband við félagið strax sama dag annars eru þeir sennilega að tapa launum í uppsagnarfresti.

góði hirðirinn

húsbúnaður ...




... með bjarta fortíð




... með leyndarmál



... með svala fortíð



... með listasögu



... með blómlega sögu



Tökum við og seljum notaða muni

Nytjamarkaður SORPU og líknarfélaga

Fellsmúla 28, S: 562 7570

Opið virka daga kl. 12 - 18

www.sorpa.is • godihirdirinn@sorpa.is



Sigurður Bessason, formaður Eflingar stéttarfélags

Efling ályktar um skattamál og aðgerðir gegn verðbólgu

Hvetjum til aðgerða **gegn verðbólgu**

- segir Sigurður Bessason

Við höfum þungar áhyggjur af þeirri stöðu sem komin er upp í atvinnu- og efnahagsmálum. Hér hafa verið fluttir inn stórir hópar erlendra starfsmanna sem starfa á gráum svæðum lágmarkslauna á virkjunarsvæðinu fyrir austan. Þeir búa við óviðunandi aðstæður og stjórnvöld og atvinnurekendur horfa aðgerðalaus á þetta. Á sama tíma er atvinnuleysi almennt allt of mikið hér og ungu fólki fer fjölgandi í hópum atvinnulausra. Verkalýðshreyfingin getur aldrei setið undir því að atvinnuleysi sé notað með þessum hætti í hagstjórn. Það verður aldrei sátt um stöðugleika sem byggir á því að fjöldi Íslendinga gangi um atvinnulaus. Á sama tíma gera stjórnvöld nákvæmlega ekkert til að halda aftur af verðbólgu. Þetta kann ekki góðri lukku að stýra, segir Sigurður Bessason, formaður Eflingar, en Efling sendi á dögunum frá sér ályktun þar sem minnt er á forsendur kjarasamninganna í vor.

Félagsfundur Eflingar-stéttarfélags mótmælti harðlega þeim áformum ríkisstjórnarinnar að haga skattalækkunum þannig á næsta ári, að þær komi fyrst og fremst þeim til góða sem hafa bestu kjörin. Efling-stéttarfélag hvatti ríkisstjórnina til að endurskoða áformin um

Bregðist þessar forsendur vegna aðgerðaleysis ríkisstjórnarinnar, á verkalýðshreyfingin engan annan kost en að segja upp kjarasamningum



skattabreytingar þannig að þær skili almennu launafólki ávinningi sem skipti máli í kaupmætti.

Félagsfundur Eflingar-stéttarfélags hvetur einnig ríkisstjórnina til að grípa

til allra tiltækra ráða gegn verðbólgunni þ.á.m. lækkana á sköttum á matvöru, eldsneyti og öðrum nauðsynjum.

Félagsfundur Eflingar-stéttarfélags minnir á að forsendur kjarasamninganna byggjast á lágrí verðbólgu og stöðugleika. Bregðist þessar forsendur vegna aðgerðaleysis ríkisstjórnarinnar, á verkalýðshreyfingin engan annan kost en að segja upp kjarasamningum.

Með síðustu samningum lagði verkalýðshreyfingin sitt af mörkum til að tryggja stöðugleika og leggja grunn að vaxandi kaupmætti, en það er ekki nóg. Aðrir verða að axla ábyrgð líka, segir formaður Eflingar-stéttarfélags.

Okkur finnst það einnig sérkennilegt að Seðlabankanum virðist einum ætlað að taka á verðbólguvandannum þó að öllum sé ljóst að aðgerðir bankans einar og sér verði mjög erfiðar fyrir heimilin og fyrirtækin í landinu. Háir vextir munu bæði draga úr kaupmætti og auka atvinnuleysi, segir Sigurður Bessason.



Húsnæðis kaup eru ekkert mál lengur!

Það er af sem áður var þegar húsnæðis kaup landsmanns gátu verið allt annað en leikur einn. Að kaupa sína fyrstu íbúð eða skipta um húsnæði voru meiri háttar mál, kostuðu langar andvökunætur, stundum kvíða og vonleysi og greiðslubyrði sem erfitt var að standa undir. Nú er það af sem áður var. Húsnæðis kaup eru ekkert mál lengur.

SPV er í fararbroddi íslenskra fjármálafyrirtækja þegar kemur að þjónustu við viðskiptavinum sína. Gott dæmi um skjót viðbrögð SPV í þeirra þágu eru nýju húsnæðislán SPV, sem eru á bestu fáanlegu kjörum sem boðin eru á íslenska fjármálamarkaðnum. Þannig getur þú ávallt treyst því að njóta bestu hugsanlegu kjara hverju sinni. Alltaf!

SPV býður þér mismunandi lánaform. Lánið getur þú notað til að minnka mánaðarlegar greiðslur, til að endurfjármagna á betri kjörum, til að fjárfesta í íbúð eða sumarhúsi eða til að ráðast í endurbætur eða viðhald á heimilinu. Er kannski kominn tími til að endurnýja eldhúsnértinguna, sófasettið, gólfefnin eða baðið?

Þjónustufulltrúinn þekkir þínar aðstæður

Finnst þér orðið tímabært að skipta um húsnæði? Hafðu þá samband við þjónustufulltrúa SPV og gerðu áætlun í samráði við hann. Þjónustufulltrúinn þekkir þínar aðstæður, kann sitt fag og hefur það markmið að þjóna þér sem best og finna bestu hugsanlegu leiðir sem völ er á fyrir þig. Það skiptir máli með hvaða hætti húsnæðis kaupin verða fjármögnuð, hvaða lán sé skynsamlegt fyrir þig að endurfjármagna, hvaða greiðslubyrði sé skynsamleg og þægilegust og svo framvegis.

Íbúðalán, 25 eða 40 ár

Þú átt kost á bestu fáanlegu kjörum sem völ er á eða 4,2% föstum, verðtryggðum vöxtum til allt að 40 ára. Lánin eru ætluð bæði til endurfjármögnunar og til íbúðar kaupa.

- 4,2% vextir
- Lán til allt að 40 ára
- Lágmarksupphæð 1 milljón
- Engin hámarksupphæð
- Sjálfvirk skuldfærsla á gjalddögum
- Allt að 80% veðhlutfall
- Allt að 100% lán til fasteignakaupa, hámark 25 mkr.
- Innágreiðsla heimil hvenær sem er
- Uppgreiðsla heimil hvenær sem er
- Vextir endurskoðaðir á 5 ára fresti
- Getur skoðað lánið í Heimabanka
- Stimpilgjald er 1,5% af lánsupphæð
- Lántökukostnaður vegna íbúðarlána er 1% af lánsupphæð.

Að sjálfsgöðu 100% húsnæðislán líka!

Viðskiptavinum SPV standa einnig til boða 100% húsnæðislán. Kynntu þér málið nánar.

SPV er til fyrir þig!

Eitt höfuðmarkmið SPV er að veita viðskiptavinum sínum öflugra, faglega og nána persónulega þjónustu og ráðgjöf. Vertu með SPV og í hópi ánægðustu viðskiptavina landsins! Ef þú vilt skipta um húsnæði sjáum við um að senda matsmann á staðinn til að meta verð fasteignarinnar, önnunumst uppgreiðslu skammtímaskulda og reiknum út greiðslubyrði miðað við breyttar forsendur. Lágir vextir og persónuleg þjónusta eru sjálfsagðir hlutir hjá SPV. Talaðu við okkur áður en þú tekur afdrifaríkar ákvarðanir, við hjálpum þér að reikna dæmið til enda. Við erum til fyrir þig!

Sívinsæl sjálfstyrkingarnámskeið

Pora að tjá hugsanir sínar

-segja Súmi Reehaug Jensson og Valborg Edda Lárusdóttir



Frá sjálfstyrkingarnámskeiði í haust

Meðal fjölmargra námskeiða sem Efling stendur fyrir í vetur eru hin sívinsælu sjálfstyrkingarnámskeið. Þar er fólki kennt að takast á við allskonar viðfangefni í daglega lífinu og á vinnustaðnum. Blaðamaður kom við í fræðslusetri Eflingar eina kvöldstund í byrjun október og spjallaði við tvo þátttakendur um reynslu þeirra af fyrsta námskeiði vetrarins.

Súmi Reehaug Jensson sagði að ástæðan fyrir þátttöku sinni á námskeiðinu væri að hann hefði skipt um vinnu fyrir skömmu eftir að hafa unnið í brotajárni hjá Hringrás í Sundahöfn, sem vélamaður og bílstjóri í nokkur ár.

Mér bauðst starf hjá fyrirtæki sem heitir Grásteinn og er aðallega í skrudgarðyrkju. Í framhaldi af því komst ég á námssamning og stefni að því að læra skrudgarðyrkju. Námið tekur fjögur ár og fer hluti af því fram í Garðyrkjuskóla ríkisins í Hveragerði. Þessu uppátæki fylgja miklar breytingar hjá mér hvað varða samskipti við annað fólk. Áður var ég oftast einn að vinna en núna er ég daglega innan um marga samstarfsmenn og fannst nauðsynlegt að styrkja sjálfstraustið.

Stemmningin í hópnum er mjög góð og viðmót þátttakenda hefur breyst mikið eftir því sem liðið hefur á nám-

skeiðið. Fyrsta kvöldið sátu allir og þögðu en kennaranum tókst að hrista mannskapinn saman og núna eru allir miklu opnari og þora að tjá sig um flest málefni sem eru til umfjöllunar. Ég finn töluverðan mun hjá sjálfum mér hvað þetta varðar og gagnsemi þess sem ég

hef lært í samskiptum við annað fólk hefur þegar komið í ljós.

Ég vil því ráðleggja öllum sem eiga þess kost að sækja svona námskeið og sjálfur er ég staðráðinn í að fara á framhaldsnámskeið sem verður haldið í nóvember, sagði Súmi að lokum.

Vilborg Lárusdóttir

Finn miklar breytingar til batnaðar



Vilborg Lárusdóttir

Vilborg Lárusdóttir, vinnur með öldruðu fólki í Árbæjarkirkju og heimsækir líka eldri borgara á heimilum sínum, fjóra daga í viku. Þetta fólk lifir í mikilli einangrun vegna heilsuþrengingar og kemst sjaldan að heiman. Tilgangurinn með heimsóknunum er að brjóta upp félagslega einangrun og lyfta upp döpru hjarta.

Ég kom hingað með það í huga að verða hæfari í starfi og þó að námskeiðinu sé ekki lokið finn ég fyrir miklum breytingum til batnaðar varðandi samskipti mín við fólkið sem ég vinn með. Það er fyrst og fremst námsefninu og frábærum leiðbeinendum að þakka, sagði Vilborg og brosti.

MEIRA KJÖT Á BEINUNUM



Norðlenska er eitt stærsta og öflugasta
framleiðslufyrirtæki landsins á sviði kjötvöru.
Við bjóðum einungis upp á framúrskarandi
gott íslenskt hráefni auk þess sem gæði í
meðhöndlun og vinnslu eru ávallt í öndvegi.
Njóttu þess besta!

NORÐLENSKA

- landsins gæði



Með því að losa sorpið á tveggja vikna fresti verður gjaldið helmingi lægra en gjald á tunnum sem losaðar eru vikulega

Nýtt tækifæri borgarbúa í sorphirðu

Spara og vernda umhverfið

Reykjavíkurborg undirbýr nú mikla breytingu á sorphirðu í borginni sem veitir íbúum tækifæri bæði til að spara peninga og vernda umhverfið. Borgarbúar munu eftir áramótin eiga kost á að velja um losun sorps á viku eða hálfsmánaðarfresti. Stefnt er að því að auka flokkun og endurvinnslu á úrgangi í borginni. Það hlýtur að teljast til tíðinda að borgin hefur undirbúið þessa breytingu þannig að ekki verða uppsagnir við þessi tímamót.

Samkvæmt nýrri reglugerð hér á landi skal dregið úr urðun á lífrænum úrgangi og innan fárra ára. Framtak Reykjavíkurborgar nú er áfangi á leið til betra og umhverfisvænna samfélags.

Viku eða tveggja vikna sorphirða

Til að hvetja til minnkunar á blönduðum úrgang og auka flokkun og endurvinnslu úrgangs verður boðið upp á bæði vikulega og tveggja vikna losun. Íbúar í sérbýli geta óskað eftir tveggja vikna í stað vikulegrar og munu hafa grænar sorptunnur og greiða helmingi lægra sorphirðugjald. Þar með kemur fjárhagslegur hvati til flokkunar og endurvinnslu á heimilisúrgangi.

Fækkun sorptunna í fjölbýli – allir hagnast

En það eru ekki bara íbúar í einbýlis-, par- og raðhúsum sem eiga kost á því að spara. Þó að áfram verði vikuleg losun á sorpi í fjölbýli geta íbúar í fjölbýli fækkað sorptunnum með því að flokka sorpið og þannig lækkað sorphirðugjöld sín.

Merktir pokar fyrir umframsorp

Ljóst er að íbúar sem velja losun á tveggja vikna fresti þurfa að eiga kost á losun umframsorps við sérstök tilvik og má þar nefna jól og áramót og við veisluhöld. Sérmerktir pokar verða notaðir í þessum tilgangi, sem greiða þarf fyrir. Einnig geta aðrir íbúar keypt slíka poka fyrir tilfallandi umframsorp.

Reykjavíkurborg hættir sorphirðu hjá fyrirtækjum og stofnunum 1. janúar 2005.

Sorphirða Reykjavíkurborgar mun einungis sjá um innsöfnun á blönduðum heimilisúrgangi frá íbúðarhúsum eftir áramótin. Með því að vísa fyrirtækjum og stofnunum til annarra sorphirðufyrirtækja, er borgin ekki í samkeppni við þá aðila sem bjóða slíka söfnun. Einnig geta þau boðið upp á

söfnun á fleiri flokkum úrgangs en borgin gerir.

Nýtt kerfi tekur gildi frá 1. janúar 2005

Ný og breytt sorphirða með losun á tveggja vikna fresti hjá þeim sem þess óska hefst 1. janúar 2005. Þeir sem óska eftir breytttri sorphirðu eftir álagningu fá endurgreitt eða lækkun á sorp-

hirðugjaldi frá og með þeirri viku sem óskað er breytinga, en breyting á sorphirðu tekur gildi viku eftir að hennar er óskað. Hægt er að óska eftir breytttri sorphirðu eftir 1. nóvember 2004 og kemur hún þá til framkvæmda 1. janúar 2005.

Nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 563-2700 eða á netinu www.umhverfisstofa.is



Björk Vilhelmsdóttir stýrð við grænar áherslur í borginni

Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi

Af hverju grænar tunnur?

Af hverju grænar tunnur? Jú, við vitum að við verðum að haga okkur þannig í dag að það komi ekki niður á þeim sem taka við á morgun – þess vegna þurfum við grænar áherslur í samfélaginu. En það sem gerir þessar breytingar skemmtilegar er að þær fela í sér sparnað fyrir þá borgarbúa sem vilja og geta tekið þátt í átakinu, segir Björk Vilhelmsdóttir, formaður nefndar um mótun stefnu í úrgangsmálum á vegum borgarinnar.

Flestir sem tóku þátt í að móta nýja stefnu í sorphirðumálum vildu ganga lengra í að draga úr sorpi, flokka og endurvinna. Við hjá Reykjavíkurborg verðum að lifa í núinu og setta okkur

við að byltingin verður ekki á morgun heldur hinn. Með þessum breytingum erum við að taka skref í átt að því sem verður. Verið er að vinna að svæðisáætlun fyrir allt höfuðborgarsvæðið og í nánustu framtíð þurfum við að flokka mestallan úrgang þ.á.m. lífrænt sorp. Þegar sú stefnumótun liggur fyrir verðum við borgarbúar búin að aðlaga okkur og tilbúin í þá byltingu fyrirsjáanleg er.

Það er ekki bara að landslög og alþjóðasáttmálar segi okkur fyrir verkum. Við viljum standa okkur vel gagnvart umhverfinu, okkur sjálfum og komandi kynslóðum, segir Björk Vilhelmsdóttir.



Verðandi félagsliðar í hópeflisæfingum

Félagsliðar ljúka námi í desember

Ný og fjölbreyttari verkefni

Talsverð umræða varð í heimsókn Eflingar hjá nemendum sem eru að ljúka félagsliðanámi á næstunni hvernig hægt væri að nýta þekking-

una í vinnu eftir að námi lýkur. Það er áhugasamur hópur sem nú er að ljúka námi og vinnur hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík við umönnun

aldraðra og í heimaþjónustu. Hópurinn er nú á fjórðu önn í náminu og útskrifast í desember n.k. Námið hefur gengið vel og er hópurinn stoltur af árangrinum.

Eflingu-stéttarfélagi var boðið að heimsækja hópin á Nesjavelli fyrir skömmu og ræða við nemendur um væntanlega þróun starfa, um námið og um stöðu félagsliða hjá Eflingu-stéttarfélagi. Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir mætti á staðinn á fögnum sunnudagsmorgni og ræddi við áhugasaman hóp námsfólksins. Í umræðunum kom fram að ljóst er að ný starfslýsing mun taka við þegar félagsliðar eru útskrifaðir þar sem þeir eru nú færari í að takast á við ný og fjölbreyttari verkefni að námi loknu.

Starfið mun þá fara í starfsmat og raðast inn í launakerfið eftir þeirri niðurstöðu. Efling-stéttarfélag hefur frá upphafi verið frumkvöðull að þessari námsleið og að sjálfsgöðu mun félagið standa vörð um þennan nýja hóp í félaginu. Félagsliðar geta stofnað starfsgreinahóp og gætt þannig sinna hagsmuna félagslega innan Eflingar-stéttarfélags.

Félagið býður félagsliða velkomna í félagslega vinnu innan Eflingar-stéttarfélags.

Getum alltaf bætt okkur

Spennandi nám fyrir starfsmenn geðdeilda

Miðvikudaginn 20. október kom hópur starfsmanna af geðdeildum Landspítala háskólasjúkrahúss í Mími – símenntun og tók fyrstu skrefin á námi til félagsliða. Hópurinn hafði sent Eflingu-stéttarfélagi bréf með ósk um að koma slíku námi í framkvæmd og hafa viðræður við yfirmenn á Landspítalanum farið fram í vor og í sumar sem lauk með þeirri niðurstöðu að námið er nú hafið.

Alls eru um 15 manns að hefja námið og verður kennt hjá Mími – símenntun og farnar verða nokkrar námsferðir á tímabilinu, en gera má ráð fyrir að náminu verði lokið vorið 2006.

Kennt er tvo daga í viku auk námsferðanna, þar sem verður unnið með námstækni og einhvern hluta námsefnis þeirrar annar. Trúnaðarmenn á vinnustöðum gegna mikilvægu hlutverki við að koma á framfæri óskum félagsmanna um leiðir til að auka þekkingu og færni í störfum.



Upphaflega voru það Eypór Brynjólfsson og Arthur Daníel O'Brian sem höfðu frumkvæði að því, eftir umræðu meðal starfsmanna á geðdeildum, að koma þessu máli af stað. Efling-stéttar-

félag fylgdi málinu strax vel eftir við sjúkrahúsið og námskeiðsaðila.

Umsjón með náminu hefur Aðalheiður Sigurjónsdóttir hjá Mími – símenntun.

LF



UMSÓKN OG SAMNINGUR UM SÉREIGNARSPARNAD Í SÉREIGNARSJÓÐI FRAMSÝNAR

Ég undirrituð/aður sækir hér með um aðild að Séreignarsjóði Framsýnar og óska eftir samningi um séreignarsparnað í samræmi við skilmála á bakhlið umsóknareyðublaðs þessa sem ég sætti mig við að öllu leyti. Með undirritun minni á umsókn þessa og staðfestingu Séreignarsjóðs Framsýnar telst vera kominn á samningur milli mín sem réttihafa og Séreignarsjóðs Framsýnar sem vörsluaðila í samræmi við skilmála samningsins.

Umsækjandi (réttihafi):

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirrituð/aður skuldbind mig til að _____ % af heildarlaunum mínum verði greidd mánaðarlega til Séreignarsjóðs Framsýnar inn á séreignarneikning minn hjá sjóðnum.

Iðgjald sem nemur að hámarki 4% af iðgjaldastofni er undanþegið tekjuskatti. Skrifu umsækjandi ekki inn neina % í þennan reit er lítið svo á að hann óski eftir því að greiða 4%.

Umsækjanda er heimilt að greiða ákveðna krónutölu mánaðarlega til séreignarsparnaðar í stað ákveðinnar % tölu af heildarlaunum Ef sú leið er valin skal tilgreina þá upphæð hér _____ kr.

Ég óska eftir því að launagreiðandi minn haldi eftir af launum mínum við hverja útborgun og skili til Séreignarsjóðs Framsýnar í samræmi við ákvæði samnings þessa.

Launagreiðandi:

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirritaður óska eftir því að séreignarsparnaður minn verði ávaxtaður í:

☐ **Framtíðarsýn 1**

Skuldabréf 65%

Hlutabréf 35%

☐ **Framtíðarsýn 2**

Skuldabréf 80%

Hlutabréf 20%

Réttihafi getur flutt sparnað sinn milli safna með skriflegri beiðni þar um.

Samningur þessi er gerður samkvæmt heimildum í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samkvæmt samþykktum Lífeyrissjóðsins Framsýnar.

Undirskrift umsækjanda

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Staðfesting Séreignarsjóðs Framsýnar

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Vinsamlega sendu samninginn undirritaðan til Séreignarsjóðs Framsýnar, Sæturn 1, 105 Reykjavík. Sjóðurinn mun senda þér staðfest ljósrít af samningnum og tilkynna launagreiðanda um hann.



Bjartmar Þór og Marianna innsigla samstarfið

Ætlar þú að byrja næsta mánudag?

Það geta allir lært á tölvu

- segir Bjartmar Þór Kristinsson

Mín reynsla er að flesta langi til að læra á tölvu. Fyrir utan að vera afar skemmtilegt, þá hreinlega opnast nýir heimar fyrir mörgum nemendum. Hins vegar er hraðinn í þjóðfélaginu þannig að það er erfitt fyrir marga að finna tíma sem það getur tekið frá fjölskyldunni eða vinnunni til að stunda slíkt nám. Það var einmitt þetta sem var kveikjan að stofnun skóla sem að eingöngu sinnir fjarkennslu. Að hjálpa fólki með ráðum og dádum til framkvæmda með því að hanna vandað fjarnámskeið. Viðbrögðin hafa verið frábær, segir Bjartmar Þór hjá Tölvuskólanum Nemanda. Sem gert hefur samning um afsláttarkjör og kennslu við Starfsafl.

Einfalt ferli að stunda fjarnám

Ferlið við fjarnámið okkar er í raun ósköp einfalt. Nemendur fá sendar kennslubækur í upphafi og síðan er sendur út vikulega kennsludiskur sem er staðgengill kennara. Diskarnir eru sjálfvirkir og nemandinn fylgist með kennslustundum og úrlausnum verkefna. Okkar aðalnýjung í þessum efnum er öflugur persónulegur stuðningur fyrir hvern og einn nemanda. Kennarinn er í reglulegu sambandi við nemendur allan tímann og að auki getur þú hringt í kennarann

þinn alla virka daga á milli kl. 09.00 - 21.00.

Tölvunámskeið fyrir alla

Nemendur skólans koma úr öllum áttum og hafa ólíkan bakgrunn. Sumir nemendur kunna ekkert í upphafi og þá hef ég leiðbeint þeim hvernig á að bera sig að með fyrstu skrefin, hvernig á að

Það er einstaklega gaman að heyra nemendur segja frá því að þeir séu farnir í frekara nám eða hafi náð lengra í starfi að námi loknu



kveikja á tölvunni, setja fyrsta diskinn í og þess háttar. Við höfum einnig fengið á námskeiðin okkar vant skrifstofufólk sem vill skerpa á kunnáttu sinni og hefur það látið vel af. Þau jákvæðu viðbrögð og umsagnir sem við höfum fengið eru okkur afskaplega mikils virði. Það er einstaklega gaman að heyra nemendur segja frá því að þeir séu farnir í

frekara nám eða hafi náð lengra í starfi að námi loknu.

Viljinn til að læra

Á námskeiðinu er tekið fyrir tölvuleikni, ritvinnsla, töflureiknir, internetið, tölvupóstur og upplýsingatækni. Ég segi alltaf: „Það geta þetta allir. Eini eiginleikinn sem er nauðsynlegur er viljinn til að læra. Við hjálpum þér með restina.“ Námskeiðið er 10 vikur að lengd og er gott grunnnámskeið bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Sveigjanleiki er mikill og þú ræður ferðinni og getur tekið námið á þeim hraða sem hentar þér. Núna fara ný námskeið af stað á hverjum mánudegi – það er ekki eftir neinu að bíða, nú er að hrökkva eða stökkva.

Allir félagsmenn hjá Eflingu - stéttarfélagi geta nýtt sér þennan kost. Fullt verð er kr. 58.500,- Verð til félagsmanna er kr. 35.000,- Hægt er að sækja um endurgreiðslu að námi loknu og styrkja fræðslusjóðir Eflingar námið um 75%. Skráning og frekari upplýsingar veita Jóna hjá Starfsafl í síma 510-7544 (jona@starfsafl.is) og Bjartmar hjá Tölvuskólanum Nemanda í síma 846-1367 (nemandi@nemandi.NET).

Einnig er hægt að kynna sér námskeiðið nánar á slóðinni www.nemandi.net.

Starfsafl hefur undirritað samning við Tölvuskólann NEMANDA. Samningurinn gildir fyrir alla félagsmenn Eflingar og veitir þeim afslátt af námskeiðum

Fullt verð er kr. 58.500,- Verð til félagsmanna er kr. 35.000,- Hægt er að sækja um endurgreiðslu að námi loknu og styrkja fræðslusjóðir Eflingar námið um 75%. Skráning og frekari upplýsingar veita Jóna hjá Starfsafl í síma 510-7544 (jona@starfsafl.is) og Bjartmar hjá Tölvuskólanum Nemanda í síma 846-1367 (nemandi@nemandi.NET). Einnig er hægt að kynna sér námskeiðið nánar á slóðinni www.nemandi.net.

Fróðleiksmolar

Uppsagnarfrestur

Við uppsögn úr starfi er mikilvægt að kanna hver uppsagnarfrestur er

Borgin í góðum málum

Hvaða **tækifæri** standa okkur **til boða**?

Vel heppnaður námskeiðsdagur hjá umhverfis- og tæknisviði

Nú er lokið námskeiðsdögum sem allir félagsmenn Eflingar hjá Umhverfis- og tæknisviði Reykjavíkurborgar sóttu í september og október. Alls sóttu 130 starfsmenn þennan námskeiðsdag sem skiptust í 7 hópa. Tilgangurinn með deginum var að kynna starfsmönnum hvað felst í símenntun, hversvegna hún sé mikilvæg og hvaða tækifæri standi þeim til boða. Einnig var farið í skipulag Umhverfis- og tæknisviðs og hvað helst er á döfinni innan sviðsins. Farið var yfir þjónustuhlutverk starfsmanna gagnvart borgurum, hvert ætti að beina fyrirspurnum og hvernig eigi að taka við kvörtunum.

Þá kynnti Efling félagsmönnum réttindi og skyldur á vinnumarkaði ásamt því að gera grein fyrir fræðslustarfi innan félagsins.

Starfsmenn lýstu mikilli ánægju með daginn og þegar hefur verið ákveðið að stefna að frekari námstilboðum fyrir sviðið eftir áramót.



Ánægðir þátttakendur á námskeiðsdeginum með Garðari Vilhjálmssyni, fræðslustjóra Eflingar

Námskeiðsdagur

Mjög gagnlegt

- segir Eggert Gíslason



Eggert Gíslason og Ágúst Árnason ánægðir með daginn

Eggert Gíslason flokkstjóri í sorphirðu hjá Umhverfis og heilbrigðisstofu Reykjavíkurborgar og Ágúst Árnason tóku þátt í námskeiði á starfsdeginum hjá borginni. Þeir höfðu efasemdir um ágæti þess að halda slíkan dag og áttu ekki von á að dagurinn skilaði árangri. En annað kom á daginn, segja þeir félagar. Margt af því sem fram kom hjá leiðbeinendum á námskeiðinu hefur þegar komið að gagni. Þar má nefna samskipti við íbúa sem eru óánægðir með störf okkur af óviðráðanlegu ástæðum. Einnig þegar við verðum fyrir áreiti bílstjóra sem vilja komast framhjá okkur í þröngum götum. Ég er frekar ör í skapi, segir Eggert og hef stundum átt erfitt með að hemja mig þegar að mér er sótt en núna gengur það miklu betur. Félagarnir voru sammála um þeir hefðu verið í sérlega góðum hópi ásamt starfsmönnum úr hverfastöðvum og það hefði verið mjög gagnlegt að kynnast þeim og vandamálum sem þeir þurfa að glíma við. Það er alveg öruggt að við erum tilbúnir til þess að taka þátt í svona námskeiði hvenær sem er, sagði Eggert að lokum.



ég er einstaklingur
ég vil skara fram úr
ég er í boltanum



Einstaklingar

Hver sem einstaklingurinn er og hvort sem hann er að stofna fjölskyldu og heimili, á fullri ferð í atvinnulífinu eða að láta sig dreyma um gott sumarfrí – þá er þörfin fyrir vandaða fjármálaþjónustu ávallt fyrir hendi.

Fjárhagslegt öryggi og stöðugleiki er ein helsta forsenda þess að við getum notið lífsins og sinnt öllum þeim hlutverkum sem við tökum að okkur.

Hver sem þú ert, hvar sem þú ert á lífsleiðinni og hvaða hlutverki sem þú gegnir – þá er SPRON fyrir allt sem þú ert.

 **spron**
– fyrir allt sem þú ert

Ekki dans á rósum

-segir Halldór Björnsson um árin í verkalyðshreyfingunni

rfsgreinasamband Íslands

Sameinuð til sóknar

www.sgs.is



Ég er afskaplega þakklátur fyrir vinsamleg orð sem félagar mínir í Starfsgreinasambandinu létu falla um mig persónulega og störf mín hjá þeim á lokahófi ársfundar sambandsins, segir Halldór Björnsson sem lét af formennsku SGS á fundinum eftir að hafa gengt því starfi frá stofnun þess árið 2000. En það er ekki eina ábyrgðarstarfið sem hann hafði með höndum fyrir verkalýðshreyfinguna. Fyrir tæpum 50 árum hófst þátttaka hans í Dagsbrún þegar hann varð trúnaðarmaður félaga sinna hjá Olíufélaginu.

Halldór segir að þá hafi kjarabaráttan verið átakamikil og af þeim sökum hafi hann þurft að eyða miklum tíma á fundum með yfirmönnum sínum og fulltrúum frá Dagsbrún. Það varð þess valdandi að ég kynntist Eðvarði Sigurðssyni, formanni félagsins og Guðmundi J. Guðmundssyni, varaformanni. Það má eiginlega segja að þeir beri ábyrgð á afskiptum mínum af verkalýðshreyfingunni. En það er önnur saga og hefur birst áður í viðtölum og bók sem kom út fyrir nokkrum árum.

Halldór lauk störfum fyrir nokkrum vikum hjá SGS, en er hann alveg hættur?

Nei, ég er ekki hættur alveg öllum störfum, segir hann um störf sín um þessar mundir. Ég kem til með að starfa áfram í þeim stjórnnum sem ég er í á meðan starfskrafta minna er óskað á þeim vettvangi. Undanfarið hef ég bara notið þess að sofa frameftir á morgnana og þegar ég hef svo lokið við að borða hollan morgunverð fer ég í sund og sinni öðrum nauðsynlegum störfum sem tilheyra daglegu lífi mínu.

Pegar þú lítur til baka hvað er þér eftirminnilegast í störfum þínum fyrir verkalýðshreyfinguna?

Það er svo margt sem hægt væri að rifja upp sem tengist atburðum í kjarabaráttu fyrri ára og líka í seinni tíð. Ég held að stofnun Eflingar stéttarfélags og Starfsgreinasambandsins sé mér efst í huga á þessari stundu. Eins er sameining sex lífeyrissjóða í Reykjavík og Hafnarfirði og aðkoma mín að því verki ofarlega í huga mér. Þá er ég mjög sáttur við aðkomu mína að byggingu hússins að Sætúni, þar sem Efling og Lífeyrissjóðurinn Framsýn, ásamt ASÍ og tveim landssamböndum eru til húsa.

Þú áttir stóran þátt í stofnun Flóabandalagsins?

Já ég tók þátt í því árið 1995. Hugmyndin var að koma saman starfshópi til þess að ræða sameiginleg hagsmuna-



Pakkað fyrir vel unnin störf. Kristján Gunnarsson, nýr formaður SGS kveður Halldór.

mál en það rann fljótlega út í sandinn. Árið 1997 ákvað Dagsbrún-Framsókn að fara í viðræður um nýjan kjarasamning að milli höfuðborgarfélaganna og landsbyggðarinnar án þátttöku VMSÍ. Viss ágreiningur hafði ríkt um áherslur í samningaviðræðum sem voru framundan og þessvegna var þessi erfiða ákvörðun tekinn. Samningar tókust fljótlega og nýr kjarasamningur til þriggja ára var undirritaður. Félagar okkur innan

SGS og ég var kosinn fyrsti formaður þess á stofnfundinum. Síðan hef ég helgað sambandinu starfskrafta mína af öllum mætti og af þeim ummælum sem voru viðhöfð í minn garð á lokahófi ársfundarins má ætla að mér hafi tekist sémilega upp við þau verkefni sem mér voru falin.

Áttu einhver góð ráð í pokahorninu sem gætu gagnast nýja formanninum í starfi sínu á næstu árum?

Það er ekki mín sterkasta hlið að gefa öðrum góð ráð. En mér dettur helst til hugar að heimsóknir mínar til félaganna úti á landi og samskipti við fólkið sem starfar fyrir verkalýðsfélögin hafa fært mér mikla gleði og styrkt mig mikið í formannsstarfinu. Þess vegna er kannski besta ráðið sem ég get gefið Kristjáni, vini mínum, að fara í slíkar heimsóknir og halda góðu sambandi við fólkið innan sambandsins.

Hvað tekur við hjá þér, ekki ætlarðu að leggja allar árar í bát?

Nei, ekki aldeilis. Ég kem til með að starfa áfram að lífeyrissjóðsmálum meðan starfskrafta minna er óskað á þeim vettvangi. Síðan langar mig til að ferðast meira en ég hef gert. Við Guðmundur Þ. Jónsson, 2. varaformaður Eflingar erum að velta fyrir okkur ferð til Indlands eða annars lands á svipuðum slóðum, sagði Halldór að lokum.

Ég held að stofnun Eflingar stéttarfélags og SGS sé mér efst í huga



VMSÍ voru mjög ósáttir við þennan samning og djúpstæður ágreiningur reis á milli aðila. Þegar samningar losnuðu árið 2000 kom aftur upp svipuð staða og þá var ákveðið að endurvekja Flóan og gera nýjan kjarasamning án þátttöku VMSÍ. Það sama ár lét ég af störfum sem formaður Eflingar og þá vaknaði sú hugmynd hjá mér hvort ekki væri tímaþætt að endurskipuleggja starfsemi VMSÍ í nýju landssambandi. Eftir miklar umræður var síðan ákveðið að stofna

Trúnaðarmannanámskeið

Ákveðin að fara á framhaldsnámskeið

-segir Elín Lorenzo Tangolamos

Elín Lorenzo, vaktstjóri herbergisberna á Hótel Íslandi var einn þátttakenda á trúnaðarmannanámskeiði sem var að ljúka á dögunum hjá Eflingu. Hún sagði að námskeiðið hefði verið mjög fræðandi og skemmtilegt. Ég var kosin trúnaðarmaður í mars síðastliðnum og þegar ég frétti af þessu námskeiði ákvað ég að sækja um og sé ekki eftir því. Námsefnið er fjölbreytt og fjallar m.a. um launamál, orlofsmál, sjúkra-sjóðinn og ýmis önnur réttindamál sem skipta okkur miklu máli. Þá var mjög góð umfjöllun um félagið og hvernig best sé að afla upplýsinga í erfiðum málum sem geta komið upp. Ég er mun betur undirbúin núna til þess að takast á við þetta starf og er ákveðin í að fara á framhaldsnámskeiðið, sagði Elín.



Elín Lorenzo Tangolamos

Ánægður með námskeiðið

-segir Ingvar Halldórsson



Ingvar Halldórsson

Ingvar vinnur hjá Efnamóttökunni í Gufunesi og tók við starfi trúnaðarmanns síðastliðið vor. Hann var ánægður með námskeiðið og sagði að náms-efnið og önnur umfjöllun ætti örugglega eftir að reynast sér vel í starfi trúnaðarmanns. Ég var trúnaðarmaður hjá Akureyrarbæ fyrir nokkrum árum en það gagnast mér lítið núna vegna þess að kjarasamningarnir hafa breyst það mikið síðan. Ég er því mjög þakklátur fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að sækja þetta námskeið og er ákveðinn í að halda áfram að afla mér þekkingar og fara á framhaldsnámskeiðið, sagði Ingvar að lokum.

Lógó

Umhverfissvænn leikskóli á Kjalarnesi

Dæmi um að fólk flytji í hverfið

- segir Steinunn Geirdal



Steinunn Geirdal önnum kafin í skólastarfinu

Hjá okkur leggjum við mjög mikla áherslu á umhverfismennt og skapandi starf fyrir börnin, segir Steinunn Geirdal, leikskólastjóri á nýjum leikskóla, Berg á Kjalarnesi sem leysir leikskólann Kátakot af hólmi. Kátakot var í Félagsheimilinu Fólkvangi og nýr skóli gegnir svipuðu hlutverki. Skólinn var tekinn í notkun um

miðjan ágúst, en Eflingarblaðið heimsótti starfsfólkið fyrir skömmu og ræddi við Steinunni Geirdal og félagsmenn Eflingar, þær Magneu Ferdínandsdóttur og Ellen Maju Tryggvadóttur um þessa nýstárlegu starfsemi.

Steinunn segir að leikskólinn sé frabrugðinn venjulegum leikskólum að því leyti að þau leggi megin áherslu á um-

hverfisfræðslu fyrir börnin og skapandi starf t.d. í tónlist, leiklist og myndmennt. Við höfum verið að þróa þetta starf í tíu ár á Kátakoti og erum núna komin í þetta glæsilega húsnæði sem er sérstaklega hannað fyrir svona starfsemi.

Umhverfisfræðslan felst m.a. í því að safna matarúrgangi í sérstaka kassa sem

Gott að vinna á umhverfissvænum vinnustað

- segir Magnea Ferdínandsdóttir

Magnea hóf störf sem leiðbeinandi á leikskólanum þegar hann opnaði og sagði að sér líki mjög vel að vinna á umhverfissvænum vinnustað. Ég kynntist þessum hugmyndum lítillega í endurvinnsluátaki hér á Kjalarnesi fyrir nokkrum árum. Þeir sem höfðu áhuga að taka þátt í því fengu sérhannaða kassa til að endurvinna mat og það gekk bara ágætlega hjá mér. En svo hætti ég sennilega vegna þess að ég á fimm börn og hafði í nógu að snúast við að hugsa um þau.

Starfið hér ætti að vera hvatning fyrir mig að taka eitthvað af umhverfisfræðslunni með mér heim því að við þurfum virkilega að hugsa um hvað við gerum við ruslið okkar.

Magnea sagði ennfremur að vinnustaðan og allur aðbúnaður fyrir börnin og starfsmennina væri frábær. Það er aðeins tvennt sem skyggir á ánægjuna að vera flutt hingað.

Það fyrra er að launin eru skammarlega lág. En búseta mín hér á staðnum bætir þau aðeins upp því að ég geng í vinnuna og fæ frítt fæði á leikskólanum í hádeginu. Seinna atriðið er að aðkom-an að leikskólanum fyrir gangandi fólk er mjög slæm.

Ég vil hvetja borgaryfirvöld til þess að gera eitthvað í því máli sem fyrst. Vegna þess að leikskólinn er umhverfissvænn þá er svo miklu heilbrigðara að starfsfólkið sem býr hér í hverfinu komist gangandi



Magnea Ferdínandsdóttir

í vinnuna heldur en að koma akandi á bílum og menga umhverfið, sagði Magnea með alvörubrunginni rödd.

Launin mættu vera betri

- segir Ellen Maja Tryggvadóttir

Ellen Maja vann í nokkrar vikur í Kátakoti áður en leikskólinn flutti í nýja húsnæðið. Hún sagðist vera mjög ánægð með breytinguna á starfsumhverfinu eftir að leikskólinn flutti. Ég kenni börnunum myndmennt og þau nota mikið af endurnýtanlegu efni til þess að búa til skemmtilega hluti. Í morgun voru þau t.d. að búa til engla úr korktöppum. Svo hafa þau líka verið að búa til kort og merkispjöld úr pappír sem þau endurvinnna sjálf.

Ellen sagði ennfremur að börnin hönnuðu sérstök vinakort sem eru til sölu á leikskólanum og afraksturinn rynnir í ferðasjóð fyrir börnin. Fjöruferð-



Ellen Maja Tryggvadóttir ásamt börnum í leikskólanum

ir eru mjög vinsælar og það er stutt fyrir okkur að skreppa í fjöruna hér fyrir neðan og tína skeljar og steina sem börnin síðan mála.

Það eina sem mætti vera betra eru launin miðað við ábyrgðina sem fylgir starfinu en samveran með börnunum bætir þau upp, sagði Ellen og brosti.

eru síðan losaðir í aðra kassa á útisvæðinu. Eftir ákvæðinn tíma verður hann orðin að moltu sem við blöndum saman við mold og notum til þess að rækta í kartöflur og allskonar grænmeti. Afraksturinn er svo notaður með öðrum mat sem börnunum og starfólki er boðið uppá í hádeginu og er að mestu leyti umhverfisvænn. Þá söfnum við saman öllum pappír sem okkur berst eins og umbúðum og fleiru og endurvinnnum hann. Börnin nota hann síðan í kortagerð og fleira skemmtilegt.

Ýmislegt í húsinu er líka til þess fallið að fræða börnin um náttúruna. Þakið er klætt með grasi og þegar rignir, fer vatnið í sérhannaðar rennur sem liggur í holan stein og myndar poll, sem síðan rennur í læk þar sem börnin geta séð vatnið gufa upp.

Steinunn segir ennfremur að börnin sýni mikinn áhuga á starfsemi leikskólans og að foreldrar séu mjög ánægðir með útkomuna fyrir börnin sín. Það er nokkuð um að foreldrar hafi flutt hingað í hverfið af því að þau aðhyllast þessa umhverfisvænu stefnu. Það er alveg óhætt að segja að starfsemin hjá okkur hefur vakið mikla athygli víða um land og líka í útlöndum miðað við allar heimsóknirnar sem við höfum fengið frá því að leikskólinn opnaði, sagði Steinunn að lokum.

Jól 2004 • Nýtt ár 2005

Okkar bestu jóla og nýársóskir

HÉÐINN

Stóras 6 • 210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101
www.hedinn.is • hedinn@hedinn.is



Leonardoferar ásamt finnskum starfsbræðrum í skoðunarferð

Leonardoferð til Finnlands

Framleiða metangas á gömlum öskuhaugum

Gunnar Guðmundsson var einn fjórmenninga sem í september fóru á vegum Orkuveitu Reykjavíkur í

kynnisferð til Vantaaborg í Finnlandi með stuðningi mannaskiptaáætlunar Leonardó. Hann segir að mesta at-
hygli félaganna í ferðinni hafi beinst að framleiðslu á metangasi sem er tekið úr borholum á gömlum ösku-
haug og flutt í leiðslum í sérútbúna stöð. Þar er gasinu síðan breytt í varma- og raforku og sent áfram í dreifikerfi til notenda.

Okkur var sagt að Finnar hefðu sjálfir átt hugmyndina að þessari framleiðslu. Við áttum kost á því að fara í nokkrar skoðunarferðir og í einni þeirra komum við að mönnum sem voru að leggja hitaveiturör og fengum að fylgjast með starfi þeirra. Fljótlega tókum við eftir að aðferðin sem þeir notuðu til að setja

hólka á rörin saman var sú sama og hætt var að nota hér á landi fyrir um það bil 40 árum. Við lýstum fyrir þeim aðferðinni sem notuð er hjá Orkuveitu Reykjavíkur, en þeir töldu sína aðferð vera mun ódýrari og þess vegna væri hún ennþá notuð.

Gunnar sagði að heimsóknin hefði í alla staði tekist mjög vel og að ferðafélagarnir séu afskaplega þakklátir öllum þeim sem gerðu hana mögulega.

Þann 18. september fóru fjórir starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur í kynnisferð til Finnlands með stuðningi mannaskiptaáætlunar Leonardó. Þeir sem tóku þátt í ferðinni eru Gunnar Guðmundsson, Halldór Þorleifsson, Guðmundur Már Sigurðsson og Þórður Björnsson. Heimsóttu þeir orku-fyrirtæki í Vantaaborg stutt frá Helsingi. Fulltrúar fyrirtækisins sem heitir Vantaan Energia Oy tóku á móti þeim og hófst kynningin á heimsókn í aðalstöðvar Vantaan í Helsingi. Fyrirtækið þjónar borginni Vantaa og framleiðir raforku og varma til húshitunar.

Fróðleiksmolar

**Ertu á réttum launum?
Ertu kannski á „jafnaðar-
launum“? Má það?**

**Svar: Það er ekkert til í kjarasam-
ingum sem heitir jafnaðarlaun**

Ert þú að **missa af lestinni** núna um áramótin?

Frá og með næstu áramótum fellur niður 1% framlag atvinnurekenda í séreignarsjóð sem greitt hefur verið til þeirra sem ekki hafa enn gert samning um séreignarsparnað.

Bjarney Sigurðardóttir, fulltrúi Séreignarsjóðs Framsýnar, var spurð hvað Eflingarfélagar þurfi að gera til að tryggja sér áfram framlag atvinnurekenda í séreignarsjóð.

Hver er ávinningurinn af séreignarsparnaðinum?

Ávinningurinn er séreignarsparnaður í eigu starfsmanns sem að stórum hluta er greiddur af atvinnurekenda. Þetta er hluti af launakjörum okkar sem sjálfsagt og nauðsynlegt er að hver og einn tryggi sér. Þar fyrir utan er þetta lang hagstæðasti sparnaðurinn sem völ er á.

Hvaða breyting verður um áramótin?

Frá miðju ári 2002 hafa launagreið-

endur greitt 1% framlag inn á séreignarreikninga þeirra starfsmanna sem ekki hafa gert samning um séreignarsparnað. Þetta framlag fellur niður nú um áramótin nema gerður sé samningur. Með því að gera samning um séreignarsparnað og leggja sjálf fram 2% af launum eigum við rétt á 2% mótframlagi frá vinnuveitanda.

Hver hefur ávöxtun Séreignarsjóðs Framsýnar verið á liðnum árum?

Ávöxtun sjóðsins verið mjög góð allveg frá upphafi og betri en sambærilegra sjóða hér á landi. Á síðasta ári skaraði sjóðurinn enn á ný fram úr en þá var raunávöxtun Framtíðarsýnar 1 tæplega 24% og Framtíðarsýnar 2 rúmlega 19%.

Hvernig geri ég samning um séreignarsparnaðinn?

Fylla þarf út samningseyðublað hjá lífeyrissjóðnum eða sækja hann inn á



Bjarney Sigurðardóttir

heimasíðu sjóðsins www.framsyn.is. Einnig er hægt að fylla út samning sem fylgir hér með í blaðinu á blaðsíðu 16. Séreignarsjóðurinn sér síðan um að koma samningi þessum til launagreiðenda sem þá ber að greiða í samræmi við hann.

Nú er tækifærið fyrir þá sem tilheyra þessum hópi að stökkva um borð í séreignarlestina, gera samning og ná þannig í 2% mótframlögin sem þeir eiga áfram rétt á, ef gerður er samningur.

Línur



Ungt fólk stríðir við vaxandi atvinnuleysi

Efling-stéttarfélag

Atvinnuleysi ungs fólks áhyggjuefni

Þrátt fyrir að hagvöxtur hafi verið mjög mikill á öðrum ársfjórðungi eða 6,4%, hefur það ekki skilað sér í fjölgun starfa. Atvinnuleysið fór aðeins niður á fyrsta helmingi ársins en stóð í stað bæði í ágúst og september. Sérstakar áhyggjur vekur atvinnuleysi ungs fólks en þetta efni kom til umræðu á stjórnarfundum Eflingar-stéttarfélags í haust.

Með niðursveiflunni sem hófst seinni part ársins 2001 jókst atvinnuleysi hratt og var meðalatvinnuleysið 2,5% á árinu 2002. En þrátt fyrir aukna bjartsýni með þróun efnahagsmála árið 2003, jókst atvinnuleysi verulega framan af árinu og m.a. varð ungt fólk meira áberandi á atvinnuleysisskrá en verið hafði. Þannig varð meðalatvinnuleysi ársins 2003 töluvert hærra en árið áður eða um 3,4%. Framan af árinu 2004 hefur mikil eftirspurn verið eftir vinnuafli í byggingarframkvæmdum, en að öðru leyti hefur eftirspurnin eftir vinnuafli verið lítil, þrátt fyrir almennt

batnandi efnahagsástand. Atvinnuleysi hefur því haldist hærra fram eftir ári 2004 en flestar áætlanir gerðu ráð fyrir.

Atvinnuleysi er að jafnaði mest meðal verka-fólks og sýnu meira meðal kvenna, en karla. Þannig var atvinnuleysið um mitt árið 2004 4,5% hjá konum og 2,9% hjá körlum. Þá er greinilega munur eftir menntun, þar sem að atvinnuleysið er mest meðal fólks sem aðeins hefur lokið grunnskólaprófi eða yfir 6%.

Atvinnuleysi meðal ungs fólks er töluvert hærra en meðal annarra aldurshópa. Það vekur einkum athygli hversu hátt atvinnuleysi er meðal fólks yngra en 24 ára. Við skoðun á þróun hjá félagsmönnum Eflingar þá kemur í ljós að 65% atvinnulausra í júní 2004 var fólk sem var yngra en 35 ára, en í júní 2000 var þetta hlutfall 29%. Þá er það vissulega áhyggjuefni að tölur frá því í september 2004 sýna að 44% af félagsmönnum Eflingar sem eru 25 ára og yngri höfðu verið atvinnulausir í 6 mánuði eða lengur.

DAGBÓK
2004



EFLING
Ársmótið 2004
Stærstur með þjóf

Vasabók Eflingar breytir um svip

Nýtt útlit – nýtt efni

Vasabók Eflingar-stéttarfélags hefur verið gefin út í stóru upplagi og send á alla félagsmenn undanfarin ár. Nú verður sú breyting á bókinni, að efni verður aukið verulega og ítarlegar upplýsingar að finna um öll helstu málefni sem snerta félagsmenn Eflingar. Brot bókarrinnar verður óbreytt en skipt verður yfir í gormabók sem er mun handhægara.

Efni vasabókarinnar hefur hingað til verið í knappaformi með stuttum skýringum á helstu atriðum er varða félagsmenn. Nú verður sú breyting á að fjallað er um öll helstu mál sem snerta félagsmenn, réttindi og skyldur launafólks þannig að bókinn verður nú hagnýtari fyrir félagsmenn. Líta má á bókina sem eins konar uppflettirit til að finna helstu upplýsingar um Eflingu, sjóði félagsins og annað gagnlegt.

Farið er yfir helstu áfanga í kjarabaráttu síðustu aldar, fjallað um kosti þess að vera félagsmaður í Eflingu og minnt á helstu atriði sem snerta kjör félagsmanna og kjarasamninga.

Mjög gagnlegar upplýsingar eru um fræðslumál félagsins, sjóði þess og möguleika félagsmanna til að efla menntun sína og þekkingu.

Vetur genginn í garð

Norðurljós og notalegheit!

Nú er hinum hefðbundna sumarleyfistíma landsmanna lokið að mestu og dagarnir styttest óðfluga. Þá opnast einmitt öðruvísi möguleiki varðandi orlofshúsin, það er að nýta þau til helgardvalar með fjölskyldu og vinum. Það er einmitt það sem fjölmargir félagsmenn gera, njóta þeirra möguleika sem haustið og veturinn bjóða upp á í orlofshúsunum.

Sífelld fjölga þeim sem taka hluta orlofsins sem vetrarfrí og má reikna með að það aukist enn á næstu árum. Þá er stór hluti félagsmanna sem vinnur vaktavinnu og getur þar af leiðandi nýtt húsin hvort heldur er um helgar eða í miðri viku, allt eftir því hvernig stendur á vaktarfríum.

Það er ástæða til að hvetja félagsmenn til að kynna sér möguleikana sem í boði eru, fátt er notalegra en dvöl í orlofshúsi að vetri með öllum þeim þægindum sem slík dvöl býður upp á. Öll hús í vetrarleigunni eru heilsárshús, vel búin, hlý og notaleg.

Leiftrandi norðurljós og stjörnu-
bjartur himininn, hvað er róm-
antískara en það?



Margir kjósa að njóta gönguferða í vetrarstillum eða einfaldlega kyrrðarinnar sem náttúran í sínum vetrarbúningi skartar. Svo eru víða heitir pottar við húsin sem notalegt er að láta líða úr sér í eftir hressandi og heilsusamlega útiveru! Vetrarkvöld,- leiftrandi norðurljós og stjörnubjartur himininn, hvað er rómantískara en það?

En vissulega geta líka fylgt því hættur að vera með börn þar sem heitir pottar eru. Rík ábyrgð hvílir á foreldrum og forráðamönnum í slíkum tilfellum að fylgjast stöðugt með börnunum og skilja þau ekki eftir ein að leik í eða við potta. Munið að gæta ávallt að hitastigi í pottunum áður en farið er ofan í þá og fylgjast grannnt með innrennslishita.

Verum á varðbergi og reynum eftir fremsta megni að fyrirbyggja óhöpp og slys. Þá verður dvölin ennþá ánægjulegri!



Stemmningsmynd við Ölfusborgir

hrafnista



Ungt fólk og eldra á mismunandi hagsmuni þegar ávinnsla réttinda er metin í lífeyrissjóðunum

Hvað er **aldurstengt** réttindakerfi?

Þegar lífeyrissjóðirnir voru stofnaðir var grunnhugmyndin sú að allir starfandi menn greiddu sama hlutfall af launum, samtals 10%, í sjóðina alla starfsævina. Þá var ákveðið að fyrir sama iðgjald kæmu sömu réttindi, óháð því hvenær á starfsævinni iðgjaldið væri greitt og var þá gengið út frá því að meðaltalið kæmi svipað út, þótt verðmæti iðgjaldsins sé afar mismunandi eftir því hvort það ávaxtast í skamman eða langan tíma. Ákvörðunin um að taka upp jafna réttindaávinnslu miðaði við að veita þeim sem mest réttindi, sem vegna aldurs myndu aðeins greiða iðgjöld í fáein ár áður en taka lífeyris hæfst.

Hér til hliðar sést mismunur í ávinnslu réttinda eftir því hversu gamall sjóðfélaginn er þegar iðgjaldið er greitt. Tekið er dæmi um hversu mikil lífeyrisréttindi sjóðfélagi getur verið að ávinna sér á ári fyrir 10.000 króna iðgjald í aldurstengt réttindakerfi, en í jafnri ávinnslu fást sömu réttindi fyrir iðgjöldin óháð aldri sjóðfélaga þegar iðgjaldið er greitt.

**Aldur sjóðfélaga:
í aldurstengdu kerfi:**

Lífeyrisréttur

**Lífeyrisréttur í
jafnri ávinnslu:**

20 ára

kr. 2.900

kr. 1.450

30 ára

kr. 2.100

kr. 1.450

40 ára

kr. 1.500

kr. 1.450

50 ára

kr. 1.100

kr. 1.450

60 ára

kr. 750

kr. 1.450

Réttindaávinnsla í ofangreindu dæmi er „rétt“ í þeirri merkingu, að tekið er mið af þeirri ávöxtun sem miðað er við að fáiast á tímabilinu frá því að iðgjaldið er greitt þar til taka lífeyris hefst, en samtalan af iðgjaldinu og ávöxtuninni er hið raunverulega verðmæti iðgjaldsins á hverju ári. Ávinnslan er „aldurstengt“, andstætt jafnri ávinnslu fyrir hvert ár.

Jöfn ávinnsla felur það í sér að ungt fólk fær ekki sannvirði iðgjalds í reikn-

uðum réttindum og munar þar mestu fyrst eins og sést í töflunni hér að fram-
an. Dæmið snýst við um 43 ára aldurinn og eftir það gefur jafnvinnslukerfið meiri rétt, sem þannig bætir upp hallann á réttindamyndun á fyrra aldurs-
skeiðinu uns fullur jöfnuður næst við ca. 65 ára aldur að því gefnu að jafnhátt iðgjald hafi verið greitt allan tímann.

Af hverju aldurstengt kerfi?

Þrennt veldur því nú að áhætta lífeyr-

issjóða af því að viðhalda jafnri réttindaávinnslu er mikil og fer mjög vaxandi. Hér er átt við áhættu lífeyrissjóða af því að taka við iðgjöldum og skuldbinda sig á móti fyrir lífeyrisréttindum sem eru meiri en verðmæti iðgjaldsins. Lífeyrisloforð umfram verðmæti iðgjaldsins lendir þá á sjóðnum og skerðir möguleika allra sjóðfélaga til lífeyrisgreiðslna. Að taka við iðgjaldi sem veldur halla er því ákvörðun um skerðingu réttinda annarra sjóðfélaga frá því sem ella yrði.

Yngra og eldra fólk

1. Yngra fólk leitar í sjóði með aldurstengda ávinnslu en eldra fólk í sjóði með jafna ávinnslu. Fáir sjóður meiri iðgjöld frá eldra fólki en yngri er augljóst að hann er að skuldbinda sig fyrir meiri réttindum en sem nemur verðmæti iðgjalda. Það mun fyrr en síðar leiða af sér skerðingu réttinda þeirra sjóðfélaga sem greiða þangað alla starfsævina og ávinna sér „rétt meðaltalsréttindi“, meðan öðrum gefst kostur á að nýta sér það besta úr báðum kerfum.

2. Viðbótariðgjöld. Upphafleg forsenda réttindaávinnslunnar var sú að allir greiddu sama hlutfall af launum alla starfsævina, þess vegna væri hægt að hafa jafna ávinnslu því þótt tekjur sveiflist innan starfsævinnar sé meðaltal allra sjóðfélaga svipað frá einum tíma til annars. Þessi forsenda er nú breytt, þar sem þegar hefur verið samið um viðbótariðgjöld ýmissa starfsstétta. Ef sjóðfélagi greiðir hátt viðbótariðgjald seint á starfsævinni fær hann samkvæmt gildandi reglum meiri réttindi fyrir þetta iðgjald en sem nemur verðmæti þess.

3. Kaupmáttarauki. Í tryggingafræðilegum úttektum lífeyrissjóðanna hefur hingað til verið reiknað með því að iðgjaldið sé föst stærð alla starfsævina, þ.e. ekki hefur verið tekið tillit til þess að virkir sjóðfélagar hafa almennt verið að njóta umtalsverðs kaupmáttarauka undangengna áratugi. Í þessu felst innbyggt ójafnvægi þannig að hærri hlutfall iðgjalda berst á síðari hluta starfsævinnar en reiknað er með. Þetta þýðir að þeg-

ar farið verður að taka tillit til kaupmáttaraukningar í tryggingafræðilegum úttektum mun heildarstaða lífeyrissjóða með jafna réttindaávinnslu versna verulega.

Mikilvæg atriði

Framangreindir þættir kalla á endurmat á réttindauppbyggingu lífeyrissjóða til að tryggja að sjóðfélagar verði ekki fyrir skerðingu á réttindum sem þeir sannanlega hafa greitt fyrir, af þeirri ástæðu að sjóðurinn tekur við iðgjöldum og lofar meiri réttindum fyrir en nemur verðmæti þeirra. Af þessum ástæðum sýnist mjög erfitt að komast hjá því að breyta réttindaávinnslunni til framtíðar. Ýmsar leiðir koma til greina, en það sem helst þarf að huga að er að tryggja að núverandi iðgjaldagreiðendur sem hafa náð miðjum aldri og hafa á árum áður fengið réttindi sem eru minna virði en iðgjaldið, fái bætur fyrir það þannig að þeir verði ekki verr settir en nýir iðgjaldagreiðendur sem byrja að greiða ungir til sjóðsins.

félagsþj



Nýttum tilboð Borgarleikhússins og Eflingar

Við hlæjum og grátum og elskum

Nú er einmitt tíminn til að nýta tilboð Eflingar-stéttarfélags og Borgarleikhússins þar sem margar skemmtilegar sýningar eru á fjölnum þessa dagana. „Sýningin á Héra Hérason er dæmi um hve leikhópurinn í húsinu mætir gríðarlega sterkur til leiks.“ segir Valgeir Skagfjörð í leikdómi um Héra Hérason sem frumsýndur var í Borgarleikhúsinu fyrir skömmu. Voru gagnrýnendur á einu máli og hlóðu lofi á leikarana, leikstjórnann og alla sem að sýningunni koma. Jón Gnarr sagðist ekki hafa skemmt sér svona vel í leikhúsinu síðan hann sá „Við borgum ekki“ eftir Dario Fo - í Alþýðuleikhúsinu fyrir 25 árum! En víst er að hér er kominn farsími sem á áriðandi og fallett erindi við okkur öll. Konur með hár, karla með skalla og káta krakkalækka. Við hlæjum og grátum og elskum þessa mömmu hans Héra eins og hún elskar alla sína köflóttu fjölskyldu.

En það eru fleiri sýningar í Borgarleikhúsinu sem sýna hvað þar eru feiknagóðir leikarar að verki. Geitin -

eða Hver er Sýlvía, en nýjasta verk leikritahöfundarins Edward Albee. Leikritið er afburðavel skrifað og leikararnir Eggert Þorleifsson og Sigrún Edda Björnsdóttir í aðalhlutverkunum eru beinlínis göldrótt í þessu átakaverki. Maður hendist með þeim í gegnum þær sálarskemmingar sem eiginkona þess má

Svo er rétt að benda fólki á að
Lína Langsokkur er ennþá sterkust
af öllum stelpum í heiminum



þola sem uppgötvar ótryggð eiginmanns síns - með geit!!! Og ekki síður eiginmannsins sem opnar hjarta sitt og mætir harla litlum skilningi.

Eggert Þorleifsson á reyndar fleiri góða spretti í Borgarleikhúsinu þessa dagana. Í verkinu Belgíska Kongó eftir

Braga Ólafsson leikur hann háaldraða konu, Rósalind, á þann hátt að áhorfandinn verður orðlaus. Er þetta virkilega karlmaður á besta aldri inni í þessum fjörgamla líkama? Ekki að undra að Eggert hlyti Grímuverðlaunin s.l. vor fyrir bestan leik í aðalhlutverki.

Og Eggert kemur víðar við. Í söngleiknum Chicago leikur hann mann sem finnst hann vera ósýnilegur. Þetta er Adam O. Adams, kokkáláður eiginmaður glæpakvendisins Roxý. Þar syngur hann lagið Sellófan af einstakri og mjög sýnilegri snilld.

Svo er rétt að benda fólki á að Lína Langsokkur er ennþá sterkust af öllum stelpum í heiminum. Hún leikur við hvern sinn fingur ásamt apanum Níels, hestinum sínum, Önnu og Tomma, Glámi og Glúmi, Frú Prússólín, kennslukonunni, löggunum, Langsokki skipstjóra, Adolphi sterka, sirkusstjóranum og heilli hljómsveit á hverjum sunnudegi í Borgarleikhúsinu.

Já, af hverju ekki að skella sér í leikhúsið???

Merkileg þróun í orlofshúsum

Fjölgar í yngri aldurshópum



Orlofsbúðirnar í Svignaskarði eru vinnsæll dvalarstaður á veturna

Sveinn Ingvason, sviðsstjóri orlofs-
sviðs félagsins segir að almenn ánægja
hafi ríkt hjá dvalargestum sumarsins í
orlofshúsum og umgengni hafi al-
mennt verið til fyrirmyndar. Á árun-
um 2001-2004 hefur félagsmönnum
í aldurshópnum 18 til 40 ára fjölgað
mjög mikið á sama tíma og þeim
hefur fækkað töluvert í aldurshóp-
num 50 til 70 ára, segir hann. Þá má
líka geta þess að eldri aldurshópurinn
er duglegri að sækja um orlofsávísan-
irnar en yngri fólkið. En á sama tíma
fækkar þeim eldri sem nýta sér orlofs-
húsin.

Sveinn segir ennfremur að vetrarleig-
an sé byrjuð og veturinn mjög eftirsótt-
ur tími í orlofshúsum þar sem mörg
orlofshús Eflingar séu heilsárshús. Helg-
ardvöl í fallegu veðri yfir veturinn sé ó-
metanleg en þó beri nokkurn skugga á.
Umsjónarmönnum sem sjá um eftirlit
með orlofsstöðum félagsins beri saman
um að umgengni í orlofshúsum
breytist oft til hins verra yfir vetrartím-
ann og á það sérstaklega við um helg-
arnar.

Þó að umgengni félagsmanna sé góð,
þá koma því miður of margar athuga-
semdir frá umsjónarmönnum orlofs-
húsa um slæman viðskilnað og hefur
það valdið öðrum gestum óþægindum.
Þetta er slæm þróun og til þess að

spyrna við henni hafa reglur um við-
skilnað í orlofshúsum verið hertar á
þann veg að ef þeim er ekki skilað sam-
kvæmt settum reglum þá er heimilt að

Þó að umgengni félagsmanna sé
góð, þá koma því miður of margar
athugasemdir frá umsjónarmönnum
orlofshúsa um slæman viðskilnað
og hefur það valdið öðrum gestum
óþægindum



innheimta 10.000 krónur í þrífagjald.

Við minnum fólki stundum á að þetta
eru sameiginlegar eigur félagsmanna í
sumarhúsum og slæm umgengi, léleg
þríf og skemmdir eru ekki annað en

kostnaður sem félagsmenn þurfa að
greiða ef þeir sem valda kostnaðinum er
ekki gert að greiða hann. Flestir hafa
góðan skilning á þessu, segir Sveinn.

Sveinn segir að það sé full ástæða til
þess að benda foreldrum á að það er ó-
heimilt að leigja hús hjá félaginu fyrir
börnin sín eða aðra ættingja. Dæmin
sýna að leigutaki getur þurft að standa
skil á hárrí fjárhæð í tilfellum þar sem
eitthvað fer úr böndunum og skemmd-
arverk eru unnin á húsgögnum eða öðr-
um hlutum í húsum. Sem betur fer
eru slíkir atburðir alger undantekning.
En það verður samt að bregðast við
þessu og núna er verið að skoða hvort
ekki sé nauðsynlegt að láta leigjendur
greiða tryggingargjald með greiðslu-
korti, sagði Sveinn að lokum.

Hann vildi samt ítreka að almennt
gengju félagsmenn vel um og skiluðu
húsum vel þrífnum.

bón og þvotta



Einar P. Pálsson að störfum

Ölgerð Egils Skallagrímssonar

Malt og appelsín til helminga

Á undanförunum árum hefur færst í vöxt að fyrirtæki í matvæla og drykkjarframleiðslu setji á markað vörur sem eru eingöngu ætlaðar til neyslu á stórhátíðum. Ölgerðin Egill Skallagrímsson er eitt af þessum fyrirtækjum og kannast flestir við jólaöl í stórum plastbrúsum sem Ölgerðin hefur framleitt um árabil. Við tókum Einar P. Pálsson, trúnaðarmann tali og spurðum hann um starf trúnaðarmannsins og hvað væri framundan í jólaframleiðslunni.

Einar tók við starfi trúnaðarmanns síðastliðið vor og er annar af tveim trúnaðarmönnum félagsmanna Eflingar en alls starfa 73 félagsmenn hjá fyrirtækinu. Hann byrjaði hjá Ölgerðinni fyrir tveim árum og vinnur við blöndun á hráefnum sem eru notuð við framleiðslu á ýmsum tegundum af drykkjarvörum. Einar sagði að þeir félagar hefðu þurft að glíma við nokkur erfið mál þegar starfsmönnum var fækkað vegna hagræðingar í framleiðslunni og nýjar vélar voru teknar í notkun hjá fyrirtækinu. En þau voru leyst farsælllega með góðum vilja allra aðila án afskipta stéttarfélagsins.

Hvernig að aðbúnaður og vinnuaðstaða fyrir starfsmenn?

Það er mjög vel séð fyrir þeim málum, starfsmenn fá öryggisútbúnað og annan vinnufatnað sér að kostnaðarlausu og heyrnartæki með útvarpi á

hálfvirði sem eru síðan endurgreidd þegar þeim er skilað. Við höfum aðgang að sérstöku herbergi þar sem hægt er að hafa fataskipti og geymsluskáp með lás. Mötuneyti sem er undir traustri stjórn matráðskonu og býður uppá heitan mat í hádeginu og fleira góðgæti.

Það hefur þótt við hæfi á undanförunum

Helga Finnbogadóttir

Frábært samstarfsfólk

Helga Finnbogadóttir vinnur við áhöppun á ávaxtasafa á plastflöskur og brúsa og fylgist með að ekkert fari úrskaiðis á færibandinu. Ég byrjaði í þessu starfi fyrir þremur mánuðum og það er búið að vera mjög skemmtilegt að vinna hér. Launin eru alveg þokkaleg og ég horfi með björtum augum til framtíðar með frábæru samstarfsfólki, sagði Helga.

um árum að bjóða upp á nýja drykki fyrir jólin, verður sá háttur hafður á fyrir þessi jól?

Já, það er gaman að geta sagt frá því að núna verður boðið upp á malt og appelsín sem er blandað til helminga og verður selt í hálfis lítra dós. Í fyrra settum við á markað jólaöl í dós sem er blanda af pilsner, malti og appelsíni og hann verður líka á boðstólum núna. Þá verður boðið uppá glænýjan jólabjór, bæði ljósan og dökkan, einsog undanfarin ár, sagði Einar.

Skemmtilegt félagslíf í tengslum við vinnuna

- segir Jóhanna Steinunn Ómarsdóttir



Jóhanna Steinunn Ólafsdóttir

Jóhanna Steinunn Ómarsdóttir vinnur í pökkun og hefur starfað hjá Ölgerðinni í hálft þriðja ár. Hún mætir í vinnuna klukkan 7.30 og vinnur til klukkan 15.30 alla virka daga. Vinnan er svolítið einhæf en góðir vinnufélagar bæta það upp og skemmtilegt félagslíf er í boði. Starfsmannafélagið hefur staðið fyrir bjórkvöldum og keppni í keilu. Svo förum við saman út að borða og í lok nóvember verður haldin árshátíð og þar er alltaf mikið fjör sagði Jóhanna og brosti.



Helga Finnbogadóttir



Guðmundur Úlfar Jónsson

Umsjón með vélum

Nóg að gera hjá Guðmundi Úlfari Jónssyni

Mötuneyti sem er undir traustri stjórn matráðskonu og býður uppá heitan mat í hádeginu og fleira góðgæti

Guðmundur Úlfar Jónsson er líka trúnaðarmaður og sagðist litlu geta bætt við orð Einars um trúnaðarmannastarf-ið. Ég hef umsjón með vélum sem eru notaðar við framleiðsluna og geri við bilanir ef svo ber undir. Ég byrjaði sem sölumaður. En ákvað svo að breyta til eftir að vitneskja um að ég hefði ein-

hverja reynslu að því að umgangast vél-ar, barst til eyrna yfirmanna í vélasal. Ekki varð samtalið lengra því að Úlfur-inn eins og Guðmundur er kallaður af samstafsmönnum sínum hafði stungið höfðinu inn á milli röra og festi augun á stóran mæli, einbeittur á svip.

Kjúklingur

á pönnuna, í ofnréttinn, á grillið, í salatið,
í pottréttinn og á samlokuna -

endalausir
möguleikar!



ÍSFUGL

Sími 566 6103 www.isfugl.is





Baðaðstaðan í nýju álmunni er til fyrirmyndar

Ný viðbygging með góðri starfsaðstöðu

Íbúum fjölgar á Hrafnistu

Nú í sumar var ný hjúkrunarálma á Hrafnistu í Reykjavík opnuð við há-tíðlega athöfn. Þessi nýja álma er að

skapa langþráð tækifæri til að gefa íbúum kost á rýmri herbergjum en verið hafa. Í nýju byggingunni eru



innheimtust

herbergin um helmingi stærri en í eldra húsnæði Hrafnistu og sýnir það glöggð hve kröfurnar hafa breyst á nokkrum áratugum. Starfsfólk er margt í Eflingu-stéttarfélagi en ánægjulegt er hve aðstaða fyrir starfsfólk er góð í nýrri byggingu.

Í nýrri byggingu eru 60 rými með mjög góðum aðbúnaði fyrir íbúa og starfsfólk.

Nú í haust hefur tekist að ráða nægilega margt starfsfólk til að taka allt húsið í notkun.

Eflingu-stéttarfélag óskar starfsfólki og íbúum Hrafnistu til hamingju með þennan nýja áfanga og nýju starfsfólki er sérstaklega óskað velfarnaðar í starfi. Þetta er mikilvægur áfangi í að bæta úr brýnni þörf fyrir fleiri hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu.



Alltaf fjör á jólaballinu hjá Eflingu

Jólaballið verður 28. desember

Jólaball Eflingar-stéttarfélags verður haldið þriðjudaginn 28. desember 2004 að Versölum Iðnaðarmannahúsinu við Hallveigarstíg 1. Kl. 17.00 til 19.00. Húsið opnar kl. 16:30.

Margt verður sér til gamans gert.

Jólasveinar á leið á fjöll koma og ræða málin við börnin.

Hljómsveitin Snillingarnir sér um dans og söng og leiki.

Boðið verður upp á veitingar: Kaffi, gos, kökur og svo auðvitað nammipoka fyrir börnin.

Miðasala verður á skrifstofu Eflingar frá mánudeginum 6. desember alla virka daga fram að jólum meðan miðar endast.

Vinsamlega athugið að vegna mikillar aðsóknar er **naðsynlegt** að tryggja sér miða tímanlega. Hægt er að hringja í síma 510-7500 og fá miða frátekna. Miðaverði er mjög í hóf stillt að vanda Eflingar.

Miðaverð:
Fyrir barn er 400 kr.
Fyrir fullorðinn 600 kr.

skipholts ap

Félagsmenn Eflingar víða á faraldsfæti

Einstæð upplifun í Kína



Kínamúrinn



Halldór og Guðmundur á götu í Chongping stærstu borg heims. Að baki þeim er minnismerki um sigur byltingarinnar.

Tveir ágætir og velþekktir félagsmenn Eflingar þeir Guðmundur Þ Jónsson og Halldór Björnsson brugðu sér af bæ og héldu til Kína í september s.l. Við heimkomuna áttu þeir varla nógu sterk orð til að lýsa ferðalaginu, fólkinu í Kína og öllu því sem fyrir augu bar í fimmtán daga ferð þeirra um landið.

Leið þeirra lá víða um Kínaveldi þótt yfirferð þeirra tæki aðeins yfir lítinn hluta þessa víðfeðma ríkis.

París og London blikna í samanburði við þennan gífurlega íbúafjölda



Þeir heimsóttu borgirnar Shanghai, Peking, Whuan og Xi'an en ekki má gleyma Chongping sem er stærsta borg í Kína og líklega í öllum heiminum með yfir 50 milljónir íbúa. París og London blikna í samanburði við þennan gífurlega íbúafjölda.



Vaskað upp í Jim Zhou

Á magnaðri siglingu upp Yangtze fljótið var komið víða við í bæjum og borgum þar sem íbúar voru yfirleitt taldir í tugum og jafnvel hundruðum þúsunda. Þeir fengu að berja augum það gríðarlega mannvirki sem nú er verið að byggja - stóru virkjunina í Yangtze, en margar borgir fara undir vatn þegar hækkar í fljótinu vegna stíflunnar.

Þeir Halldór og Guðmundur Þ lýsa því sem einstæðri upplifun lífsins að standa á heimsfrægum stöðum eins og Torgi hins himneskra friðar. Þá var Kínamúrinn eftirminnilegur og var einnig farið í fjölmörg hof og fornminjar skoðaðar.

Þeir voru í hópi tuttugu og fimm íslendinga á ferðalaginu auk tveggja fararstjóra en auk þess bættist við fararstjóri í Kína þegar þangað var komið og allstaðar voru staðkunnugir leiðsögumenn með í för. Ferðast var með öllum hugsanlegum farartækjum, svifnökkva, skipi, flugvélum, rútum og lestum.

Það var Ferðaþjónusta bænda sem skipulagði ferðina í samvinnu við þýska ferðaskrifstofu og sögðu þeir félagar í viðtali við Eflingarblaðið að þessi ferð hefði verið einstæð í alla staði frá upphafi til enda.

námsfl reykJav



Fulltrúar á þingi Norræna sambandsins
Norrænt samband starfsfólks í veitingahúsum

Mikil samstaða þegar á reynir

Á þingi Norræna sambands starfsfólks í hótél- og veitingagreinum vakti athygli hve samstaða launafólks á Norðurlöndum er mikil og góð þegar á reynir í átökum og vinnudeilum. Efling-stéttarfélag er aðili að sambandinu sem hélt sitt 19. þing í september sl. í Finnlandi. Frá Eflingustéttarfélagi sátu þingið Sigurður Bessason og Hjördís Baldursdóttir sem hefur verið í stjórn sambandsins

síðustu fjögur ár. Niels S Olgeirsson formaður Matvís tók á þinginu við stjórnarsæti af Hjördísi en Matvís er einnig aðili að sambandinu.

Harmi slegirnir fulltrúar þingsins fylgdu með hörmungum í skólanum í Beslan og samþykktu fulltrúar að veita fórnarlömbunum stuðning að upphæð 25.000,- sænskar krónur.

Sérstaka athygli vakti sú samstaða sem er á Norðurlöndum í röðum starfsfólks í

veitingahúsum. Ágætt dæmi um þetta var áformað verkfall hjá sænsku fyrirtæki sem sér um að afgreiða mat til flugvéla. Þetta eina fyrirtæki hafði neitað að skrifa undir kjarasamning við starfsfólk sitt. Það náðist mjög víðtæk samstaða allra um að að þjónusta ekki flugvélar um mat, sem áttu að taka mat hjá þessu fyrirtæki.

Mikið var rætt um klám á hótélherbergjum sem kom upp í fjölmiðlum fyrir á árinu í Noregi. Þar var rætt um svokallað „Pay-TV“ þar sem klámmyndir eru í boði. Afleiðing er sú að leitað er stundum á starfsfólk. Þingið samþykkti að beita sér fyrir að slíkt efni yrði ekki í boði nema með tilteknum takmörkunum.

Á þinginu voru gerðar ýmsar athyglisverðar samþykktir en m.a. var varað við þjónustutilskipun ESB sem er bein ógnun við skipulag vinnumarkaðar á Norðurlöndum.

Þá var samþykkt að stjórnin ynni að uppbyggingu á heimasíðu. Það verður í verkahring hvers lands að setja fram upplýsingar frá hverju landi. Heimasíða norræna sambandsins er: www.nordiskaunionen.org/styrelse.htm og þar er að finna hlekki inná hvert aðildarland sem er innan sambandsins.



Karl Ó. Karlsson



Lára V. Júlíusdóttir



Atli Gíslason

Efling-stéttarfélag

Viðtalstímar lögmanna

Minnt er á viðtalstíma lögfræðinga félagsins. Lögfræðingar frá Lögfræðiskrifstofu Atla Gíslasonar, þ.e. Atli Gíslason eða Karl Ó. Karlsson eru til viðtals á skrifstofum Eflingar á hverj-

um þriðjudegi frá kl. 13.00 - 16.00. Lára V. Júlíusdóttir er til viðtals fyrir félagsmenn annan hvern miðvikudag frá kl. 14.00 - 16.00.

Dagsbrúnarfyrirlesturinn 2004

Siðferði og samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja

Laugardaginn 27. nóvember 2004, kl 14.00 verður hinn árlegi Dagsbrúnarfyrirlestur sem fram fer að tilstuðlan Bókasafns Dagsbrúnar í Reykjavík Akademiunni, Hringbraut 121, 4. hæð, í Reykjavík. Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ flytur erindi um siðferði og samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja. Gylfi mun í fyrirlestrinum fjalla um ábyrgð fyrirtækja gagnvart samfélaginu í ljósi olíumálsins.

Bókasafn Dagsbrúnar var stofnað á 50 ára afmæli Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í janúar 1956, en þá gaf frú Guðrún Pálsdóttir, ekkja Héðins Valdimarssonar, félaginu bókasafn mannsins til minningar um hann. Um áratuga skeið var safnið opið félagsmönnum og öðrum til skoðunar og afnota. Á þeirri tæpu hálfu öld sem liðin er frá stofnun safnsins hefur það vaxið mjög að umfangi, bæði með gjöfum og markvissum innkaupum.

Með samningi Eflingar – stéttarfélags og ReykjavíkurAkademiunnar árið 2003 tók Akadémían við umsjón og rekstri safnsins og þjónar það nú sem rannsóknarbókasafn á sviði félags- og hugvísinda með sérstakri áherslu á atvinnulífsrannsóknir og sögu verkalyðshreyfingarinnar.

Bókasafnið stendur árlega fyrir opinberum fyrirlestri en hinn fyrsta hélt forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, þegar safnið var opnað í Reykjavík Akademiunni 27. nóvember 2003. Að loknu erindi Gylfa verða umræður.



Hallsteinn Friðbjólfsson starfar hjá Bókasafni Dagsbrúnar

Boðið verður upp á kaffiveitingar. Allir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir. Nánari upplýsingar veitir Ólafur Rastrick í síma 894 1461.

Áttu Rúbín?



Rúbín
kaffi



Mark Brink, veitingamaður í Kiwanishúsinu

Hvað á ég að hafa í matinn um hátíðarnar?

Bon appetit

-segir Mark Brink



Hvað á ég að hafa í matinn um hátíðarnar?

Ég velti því fyrir mér á hverju ári hvort ekki væri nú tilvalið að breyta til og hafa eitthvað annað í matinn en um síðustu jól en hef komist að því að heimilisfólkið vill hafa jólahaldið hefðbundið. Jólahangikjötið verður að vera á jóladag og heimatilbúinn ís á aðfangadag sem og aðrir fastir liðir á sínum stað, annars eru engin jól. Þetta segir Mark Brink, veitingamaðurur í Kiwanishúsinu sem félagsmenn Eflingar þekkja af góðum veitingum á fundum í húsinu. Við það er miðað í þessari uppskrift að jólamaturinn sé ekki það dýr að við eigum eitthvað eftir í jólagjafirnar.

En gefum Mark orðið:

Þessi forréttur er gjarnan hafður um áramót á mínu heimili. Bæði er að hráefnið er ekki dýrt og hann er frekar léttur í maga og auðvelt að útbúa fyrirfram ef von er á gestum.

Fylltir sveppir

6 – 8 stórir sveppir (ca 2 á mann)

200 g smjör

1 saxaður laukur

2 söxuð eða pressuð hvítlauksrif

1 búnt steinselja

3 – 4 msk raspur

ca 80 gr bacon

salt og pipar

Þvoð sveppina og brjótið stilkana af. Sveppahattarnir steiktir í smjöri á pönnu. Raðað í eldfast fat með stilkhliðina upp. Stilkarnir saxaðir ásamt lauk, hvítlauk og bacon. Sett á pönnu og látið steikjast. Raspi og steinselju bætt úti og kryddað með salti og pipar. Sett með teskeið í gatið eftir stilkinn eða yfir sveppina og í ofn í smástund eða ca 10-15 mínútur. Gott er að setja örflittinn rifinn parmesan yfir áður en bakað er ef vill.

Svínabógur með stökkri puru

Uppskriftin miðast við ca 6 fullorðna.

2 kg svínabógur

Skera vel í puruna þversum og endilangt (lítur út eins og ferningar) og krydda vel í sárin með salti og pipar.

Setja síðan lárviðarlauf og negulnagla

eftir smekk í sárin.

Steikja í ca 2 tíma og 15 mínútur á 180°.

Eftir hálf tíma steikingu er gott að setja 2 glös af vatni yfir kjötið og ausa síðan soðinu tvisvar til þrisvar yfir kjötið á steikingartímanum.

Gott er að láta kjötið standa í um 15 mínútur áður en það er skorið.

Sósa

Bræðið 130 g smjörlíki, hitið vel án þess að það brenni.

Þykkja með ca 200 g af hveiti.

Soðið af kjötinu sigtað og hrært úti.

1 pela af rjóma bætt í og síðan þynnt eftir smekk með vatni.

Kryddað til með kjötkrafti eftir smekk og sósulit.

Passa verður að eftir að soðið hefur verið tekið úr skúffunni að væta aftur með smá vatni, þannig að allt fyllist ekki af reyk.

Meðlæti sykurbrúnaðar kartöflur, rauðkál, súrar gúrkur og gulrætur.

Jólaís

Börnunum finnst þessi ómissandi og engin ísterta hefur nokkru sinni toppað þennan.

2 egg stór eða 3 litil

3 msk sykur

1 peli rjómi

100 g suðusúkkulaði

Vanillusykur ef vill.

Þeytið eggjaraður og sykur vel eða þar til það er bæði ljóst og létt.

Stífþeytið eggjahvíturnar. Súkkulaðið saxað og rjóminn þeyttur.

Bætið súkkulaðinu út í eggjaraðurnar, þá eggjahvítunum og síðast rjómanum og blandið varlega með sleif. Sett í hringform með gati í miðjunni og fryst.

Súkkulaðisósa

100 g suðusúkkulaði

1 peli rjómi

Bræðið súkkulaðið í vatnsbaði. Aðeins látið rjúka.

Þeytið rjómann og blandið súkkulaðinu varlega úti með sleif þannig að blandan verði eins og sýróp.

Bon appetit!!!

Vinnuvernd í byggingariðnaði

Öryggið á oddinn

Í tilefni að Evrópskri Vinnuverndarviku sem var haldin dagana 18. – 22. október síðastliðinn, stóð Vinnueftirlit ríkisins fyrir morgunverðarfundum á Grand Hótelu ásamt samstarfsaðilum á vinnumarkaði. Árni Magnússon, félagsmálaráðherra setti fundinn og síðan voru flutt nokkur erindi. Félagar úr Eflingu sem vinna í byggingariðnaði tóku þátt í undirbúningi fundarins en með honum var leitast við að vekja athygli á mikilvægi öryggismála á vinnustöðum tækjamaða og starfsfólks við byggingariðnað. Þorsteinn Kristjánsson, stjórnarmaður Eflingar var í undirbúningshópnum og sagði við Eflingarblaðið að fundurinn hefði tekist mjög vel.

Þar kom m.a. fram samkvæmt tölum frá 15 aðildarþjóðum ESB fyrir stækkun að u.þ.b. 1300 dauðaslys verða við byggingar- og mannvirkjagerð hjá aðildarríkjum Evrópusambandsins á hverju ári og 800.000 starfsmenn slasast við byggingarvinnu og meira en 40% allra slysa eru fallslys. Ennfremur kom fram að byggingariðnaðurinn er með meira en tvisvar sinnum hærri slysatíðni en meðaltal annarra greina.

Heildarkostnaður vegna vinnuslysa í ESB-löndum er talinn vera á milli 2,6 til 2,8% af vergri þjóðarframleiðslu aðildarríkjanna. Slysin og afleiddur kostnaður er talinn vera á milli 185 til 270 milljarðar evra.

Í lok fundarins afhenti Eyjólfur Sæmundsson forstjóri Vinnueftirlitsins fulltrúum Ístaks, Keflavíkurverktaka og Hannesi Jónssyni byggingarverktaka viðurkenningu fyrir gott starf að öryggismálum á vinnustöðum.



Eyjólfur Sæmundsson forstjóri Vinnueftirlits Ríkisins, Hannes Jónsson framkvæmdastjóri, Kári Arngrímsson framkvæmdastjóri hjá Keflavíkurverktökum og Guðmundur Þórðarson staðarstjóri á vinnustaðnum hjá Ístak, sem fékk viðurkenningu



Ömmur Kitlar bragðlaukana


Landsmenn eiga alltaf
von á góðu
frá Ömmubakstri.



Fróðleiksmolar

Er orlof innifalið í
launum þínum?

Það er óheimilt að greiða orlofið
með launum.



Lausnarorð:

Nafn:

Vinnustaður:

Sími:

Heimili:

Kennitala:

Verðlaunakrossgáta

Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema **15.000,- krónum**.

Lausnir sendist til: Efling-stéttarfélag / Krossgátan, Sættún 1, 105 Reykjavík.


Svar þarf að berast fyrir 10. desember nk.



Fjóla fékk vinninginn

Fjóla Jónsdóttir fyrrum starfsmaður Íslensk-ameríska var svo heppin að hreppa vinninginn í síðustu krossgátu Eflingarblaðsins. Hún fær hér afhenda ávísun að upphæð 15.000 krónur frá Ágústi Þorlákssyni, þjónustufulltrúa hjá Eflingu-stéttarfélagi. Efling sendir henni bestu kveðjur með ósk um að peningarnir komi henni vel.

Lausn síðustu krossgátu



Lausnarorðið var:
SÁPUKÚLUR

Gleðilega hátíð

ISS Ísland óskar starfsfólki sínu, fjölskyldum þeirra og félagsmönnum Eflingar gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum starfsmönnum vel unnin störf á árinu sem er að líða.


Fagmennska í áratugi

ISS Ísland ehf. er stærsta fyrirtæki landsins á sviði daglegra ræstinga og þrifa í matvælaíðnaði, með 24 ára bakgrunn og er tengt alþjóðafyrirtækinu ISS sem starfar í 38 löndum. ISS er leiðandi fyrirtæki á Íslandi á sviði fasteignaumsjónar. ISS leggur áherslu á að veita starfsfólki fyrsta flokks vinnuaðstæður, þjálfun og besta búnað sem völ er á.



Reykjavík: Ármúli 40, sími 5 800 600, fax 5 800 666
Akureyri: Tryggvabraut 10, sími 460 6250, fax 462 7842
Heimasíða: www.iss.is

Nýir starfsmenn



Oddný Einarsdóttir

Atvinnuleysisdeild

Elín Hanna Kjartansdóttir þjónustufulltrúi

Elín Hanna kom til starfa hjá Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta 15. september síðastliðinn. Hún hafði áður unnið margvísleg störf í atvinnulífinu en var um árabil starfandi hjá Verkalýðsfélagi Akraness. Elín Hanna vann á árinu 1998 að breytingum á atvinnuleysisbótakerfinu og undirbúningi svæðisvinnumiðlunar á Akranesi.

Elín tekur við starfi Jónu V. Kristinsdóttur, sem í septembermánuði fluttist til Starfsafls, starfsmenntaskrifstofu Flóabandalagsfélaganna og Samtaka atvinnulífsins.



Jóna Vigdís Kristinsdóttir

Oddný Einarsdóttir til starfa í afgreiðslu

Oddný kom til starfa hjá Eflingu-stéttarfélagi í lok september. Hún starfar á skrifstofu félagsins í afgreiðslu og við síma. Oddný tekur við af Stefaníu Guðmundsdóttir sem hvarf til annarra starfa í byrjun október sl.

Oddný hefur m.a. starfað á veitingastað, Leikskólanum Sjónarhóli, í Madrid hjá Flugfélaginu Atlanta og hjá Reykjavíkurborg í sumarstörfum.



Elín Hanna Kjartansdóttir

Starfsafl

Jóna Vigdís Kristinsdóttir ráðin verkefnastjóri

Jóna Vigdís Kristinsdóttir hefur verið ráðin verkefnisstjóri hjá Starfsafl, en hún hafði áður gengt starfi þjónustufulltrúa hjá Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta, sem starfar í tengslum við skrifstofu Eflingar-stéttarfélags.



Fyrir þig hjartað mitt

Hjartamagnýl – Dýrmæt forvörn

Notkunarvið: Hjartamagnýl inniheldur 75 mg af virka efniinu asetýlsalisýlsýru sem hefur segavarnandi áhrif. Hjartamagnýl er notað sem fyrirbyggjandi meðferð gegn kransæðastíflu hjá einstaklingum með kransæðasjúkdóm. Hjartamagnýl minnkar einnig líkur á heilablóðfalli og tímabundnum blóðþurrðareinkennum frá heila. **Varúðarreglur:** Einstaklingar sem hafa ofnæmi fyrir asetýlsalisýlsýru eða öðrum salisýlötum ættu ekki að taka lyfið. Einstaklingar sem eru með astma, blæðingarsjúkdóma eða virkt magasár ættu ekki að taka lyfið. Takmörkuð reynsla er af notkun lyfsins hjá þunguðum konum og er því ekki mælt með notkun á meðgöngu. Lyfið er ekki ætlað börnum. **Aukaverkanir:** Hjartamagnýl getur valdið aukaverkunum eins og ofnæmi, astma, meltingarópægindum og jafnvel sárum á magaslímhúð. **Skömmtun:** Ráðlagðir skammtar fyrir fullorðna eru 75–150 mg á dag. *Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.* 23.12.03



actavis
hagur í heilsu



Fljótvirkt bólgueyðandi verkjalyf

M.a. við tíðaverkjum



Fæst án
lyfseðils

VoltarenDolo®

Díklófenak-K 12,5 mg

Voltaren Dolo® (díklófenak kalíum) 12,5 mg. töflur

Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaprautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetylsalisýru, íbuprofén eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.